

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Miðvikudagur 19. september 2007 – 38. tölublað – 3. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

Stefnumótun á lygnum sjó
Samkeppnin
skiptir ekki máli



Gisli Reynisson í Nordic Partners
Auðjofurinn
sem festi sér
flaggskip Dana

6

Leyfiskerfi
Framtíðin í
stafrænni dreifingu
tónlistar



14

Travel Service komið í höfn

Icelandair Group hefur skrifað undir samning um kaup á tékkneska flugfélaginu Travel Service, stærsta einkarekna flugfélagi Tékklands. Viljayfirlýsing um kaupin var undirrituð í maí síðastliðnum. Kaupverð var ekki gefið upp. Fjármögnun fer fram úr sjóðum félagsins og að hluta til með lánsfé. Samningurinn fer nú til samþykktar samkeppnisyrivalda í Tékklandi. Guðjón Arngrímsson, upplýsingastjóri Icelandair Group, segir að ekki sé von á mótmælum frá þeim. „Við eigum ekki von á öðru en að þetta gangi hratt og örugglega í gegn hjá samkeppnisyrivöldum.“

Travel Service rekur leiguflugstarfsemi frá Prag og Búdapest. Þá á félagið og rekur laggjaldaflugfélagið Smart Wings. Heildarvelta félagsins í fyrra var um átján milljarðar króna.

Í samningnum felst að Icelandair Group kaupir fimmtíu prósent í félaginu nú og í það minnsta þrjátíu prósent á næsta ári. Náðst hefur samkomulag við núverandi eigendur um minnihlutaaðkomu að félaginu. Eiga þeir rétt á allt að tuttugu prósent hlut. „Við erum ánægð með þessa þróun. Á samningstímabilinu sáum við að þarna voru hörkustjórnendur,“ segir Guðjón.

Áætluð ársvelta Icelandair Group árið 2007 verður 72 milljarðar króna eftir kaupin. Það er um þrjátíu prósent aukning frá rekstrarárinu 2006. - hhs

FRÉTTIR VIKUNNAR

Yfirtaka væntanleg | FL Group hefur náð samningum við Glitni banka, Hnotskurn og Samherja um kaup á 46,2 prósent eignarhlut þeirra í TM. Eftir kaupin á FL Group 83,7 prósent hlut í TM.

Með Geysi | Ólafur Jóhann Ólafsson, rithöfundur og framkvæmdastjóri, og bandaríski fjárfestingarbankinn Goldman Sachs hafa í sameiningu keypt 8,5 prósent hlut í Geysi Green Energy.

Meiri hagvöxtur | Landsframleiðsla jókst um 4,2 prósent í fyrra samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar. Fyrra áætlun gerði ráð fyrir 2,6 prósent hagvexti.



Kaupaprýði | Fjárfestingarfélagið Nordic Partners hefur fest kaup á þremur hótélum og veitingastað í hjarta Kaupmannahafnar. Þar á meðal er Hótel d'Angleterre, eitt þekktasta hótél Skandinavíu.

Verðbólga eykst | Tólf mánaða verðbólga mælist nú 4,2 prósent. Vísitala neysluverðs hækkaði um 1,32 prósent milli mánaða, samkvæmt nýjustu mælingum Hagstofunnar.

Tilboði tekið | Forsvarsmenn Máls og menningar hafa tekið kauptilboði frá Kaupangi um fasteignina að Laugavegi 18. Tilboðinu fylgir fyrirvari um fjármögnun kaupanna.

Til Írlands | Primera Travel Group, móðurfélag Heimsferða, hefur keypt Budget Travel, stærstu ferðaskrifstofu Írlands. Eftir kaupin munu yfir milljón ferðþegar fljúga með félögum hennar.

Í leikina | Ætla má að yfirtöku FL Group á breska leikjafyrirtækinu Inspired Gaming ljúki formlega um næstu mánaðamót. Yfirtökutilboð FL Group hljóðar upp á 385 pens á hlut.

Einstakt tækifæri til að rjúfa vaxtavítahring

Verðbólga hækkar áður en hún lækkar og hagvöxtur heldur áfram í næsta stóriðjuskeiði, samkvæmt nýrri hagspá Landsbankans. Krónan veikist frá og með næsta ári.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Framundan er áframhaldandi hagvöxtur í stað samdráttarskeiðs sem Seðlabankinn hefur boðað. Þetta kemur fram í nýrri hagspá greiningardeildar Landsbanka Íslands fyrir árin 2008 til 2010 sem kynnt var í gærmorgun undir yfirskriftinni „Í skugga lausafjárkreppu“. Í umfjöllun sinni hvetur greiningardeildin Seðlabankann til að nota tækifærið sem óvíst sé að gefist aftur „til að brjótast út úr vítahring gengisóstöðugleika og hárra vaxta“.

Björn Rúnar Guðmundsson, forstöðumaður greiningardeildarinnar, segir lausafjárkreppu á fjármálamörkuðum hafa leitt til áhættufælni sem geri að verkum að áhrif af vaxtalækkun hér verði minni á krónuna en ella. „Mikilvægt er fyrir Seðlabankann að nota þetta tækifæri, því óvíst er að það gefist aftur,“ segir hann. Greiningardeildin segir krónuna nálægt jafnvægisgildi núna og telur ekki að hún styrkist mikið frá því sem nú er. Frá og með miðju næsta ári komi hún til með að veikjast smám saman í takt við minnkandi vaxtamun.

Lúdvík Eliasson, sérfræðingur greiningardeildarinnar, sem kynnti spá bankans, benti jafnframt á að í raun væri ekki þörf á jafnharkalegum aðhaldsaðgerðum Seðlabankans og gæti virst í fyrstu því þótt hér væru hagvaxtartölur gríðarlegar mætti ekki

gleymast að verið væri að fjárfesta í framleiðslugetu. „Verið er að stækka kerfið,“ segir hann og bendir á að vöxturinn endurspegli fleira en spennu í kerfinu. „Því þarf ekki þessa skörpu aðlögun,“ segir hann og kveður því áfram gert ráð fyrir að vaxtalækkunarferli Seðlabankans geti hafist í mars. Engu að síður er ráð fyrir því gert að verðbólga aukist á næstu mánuðum. Undir lok næsta árs gerir bankinn hins vegar ráð fyrir því að verðbólga verði komin undir 2,5 prósent verðbólgu markmiðið. „Þá reiknum við með að lækkandi húsnæðisverð og háir vextir haldi aftur af hækkun neysluverðsvísitölunnar og eigum ekki von á því að verðbólgan víki verulega frá markmiði á næstu árum.“

Í ár spáir Landsbankinn 1,8 prósent hagvexti, 3,7 prósentum á næsta ári og 4,0 prósentum árið 2009. Bankinn spáir mjúkri lendingu í hagkerfinu þar sem hagvöxtur er drifinn af fjárfestingum og ört vaxandi fólksfjölda. „Fjárfesting í stóriðju, íbúðabyggingum og hjá hinu opinbera verður áfram mikil,“ segir í spánni en á það er bent að viðskiptahalli verði áfram mikill út spátímabilið, 15 til 17 prósent, áður en aukin framleiðslugeta taki að vinna á honum. Lúdvík segir fyrirsjáanlegan mikinn vöxt í fjárfestingum hins opinbera og 2009 færast svo aftur mikill kraftur í stóriðjufjárfestingar. Þá segir hann útflutning munu aukast þrátt fyrir kvótakerðingu, en það sé meðal annars vegna aukins útflutnings á áli.

Andstaða við erlent fé er hræsni

Ólafur Jóhann Ólafsson segir andstöðu við að erlendir fjárfestar eignist brotabrot í íslenskum auðlindum jaðra við hræsni. Gríðarlegur fengur sé að Goldman Sachs í hluthafahóp Geysis Green.

„Það jaðrar við hræsni ef við setjum það fyrir okkur að útlendingar eignist brotabrot í íslenskum auðlindum, þegar við stefnum sjálf að því að eignast sem mest af sams konar auðlindum annars staðar,“ segir Ólafur Jóhann Ólafsson, rithöfundur og kaup-sýslumaður.

Ólafur Jóhann og bandaríski fjárfestingabankinn Goldman Sachs eignuðust á dögnum 8,5 prósent hlut í Geysi Green

Energy. Geysir á tæplega þriðjungs eignarhlut í Hitaveitu Suðurnesja, og því ljóst að Goldman Sachs á nú óbeinan eignarhlut í hitaveitunni.

Ýmsir hafa orðið til þess að gagnrýna hlutdeild einkafyrirtækis í slíkum rekstri sem oft hefur verið talinn til grunnhlutverka hins opinbera, og ekki minnkaði sú gagnrýni með tilkomu Goldman Sachs í hluthafahóp Geysis Green.

Ólafur Jóhann, sem hafði milli-göngu um aðkomu Goldman Sachs, segir gríðarlegan fengur að bandaríska bankanum inn í hluthafahópinn. „Fyrirtæki á borð við Goldman Sachs stendur allt til boða og því er gríðarlegur fengur að fá það inn. Það mun greiða aðgang Geysis að erlendum mörkuðum, sem er kannski það sem helst þurfti til að styrkja útrás Geysis.“

- jsk / sjá bls. 12.

TrackWell
FORÐASTÝRING

Flotaeftirlit – tækjanotkun
og aksturslagsgreining

www.trackwell.com

Örugg ávöxtun
í þeirri mynt
sem þér hentar

Peningabréf
Landsbankans

ISK
14,4%*

GBP
6,5%*

DKK
4,4%*

USD
5,4%*

EUR
4,7%*

CAD
4,2%*

Markmið
Peningabréfa er
að ná hærri ávöxtun en
millibankamarkaður og
gjaldveyriseikningar. Enginn
munur er á kaup-
og sölugengi.

Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útböðilsýsingar og útdráttar úr útböðilsýningu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnvöxtun á ársgrundvelli frá 1. ágúst - 31. ágúst 2007.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	2,2%	46,2%
Bakkavör	-4,9%	-1,6%
Exista	-9,7%	28,0%
FL Group	-3,0%	-5,0%
Glitnir	-3,0%	15,9%
Eimskipafélagið	-1,5%	21,2%
Icelandair	-3,4%	-8,0%
Kaupþing	-5,1%	23,7%
Landsbankinn	-2,3%	46,8%
Straumur	-5,4%	5,7%
Teymi	-1,0%	10,9%
Össur	-3,4%	-11,9%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

Flókin staða á fjármálamörkuðum heimsins

Aðstæður á fjármálamörkuðum eru jafnvel enn erfiðari og flóknari en fólk gerir sér almennt grein fyrir, að því er fram kom í opunarávarpi Sigurjóns Þ. Árnasonar, bankastjóra Landsbankans, þegar hagspá bankans fyrir árin 2008 til 2010 var kynnt. Yfirskrift hagspárinnar er „Í skugga lausafjárræpu“.

Sigurjón vísar meðal annars til vandræða Northern Rock-bankans í Bretlandi þar sem fólk tekur í hrönnum út peningana sína þó að breska ríkisstjórnin hafi ábyrgt innlán bankans. Hann segir erfiða umræðu sem íslensku bankarnir lentu í í fyrra



SIGURJÓN Þ. ÁRNASON Skuldtryggingarálag er álag á lántökur banka á millibankamarkaði og endurspeglar mat á áhættu í rekstri þeirra. MARKAÐURINN/ANTON

vera lán í óláni, allir hafi þeir undirbúið sig mjög vel. „Og eru mun betur staddir til að standa þær aðstæður sem eru í

PRÓUN SKULDTRYGGINGARÁLAGS BANKANNA

Dagsetning	Landsbanki	Glitnir	Kaupþing
2.1.2006	42,00	32,00	45,00
1.6.2006	61,92	49,13	66,74
2.1.2007	40,50	37,00	50,50
1.6.2007	19,30	24,00	27,00
2.7.2007	24,50	30,20	32,70
1.8.2007	39,80	55,80	52,00
3.9.2007	63,30	82,30	104,20
17.9.2007	91,00	117,50	150,00

dag en ella hefði verið.“ Núna er munurinn hins vegar sá, að sögn Sigurjóns, að í fyrra hafi íslensku bankarnir einir fundið fyrir þrengingum á lánamörk-

uðum, en núna séu allir bankar á sama báti í þeim efnum. Þannig hefur skuldtryggingarálag allra banka hækkað í haust, ekki bara íslensku bankanna. - óká

Veislulok á fasteignamarkaði

„Á næsta ári eru veislulok,“ segir Krístrún Tinna Gunnarsdóttir, sérfræðingur greiningardeilda Landsbankans, um fasteignamarkaðinn. Greiningardeildin kynnti í gærmorgun hagspá bankans fyrir árin 2008 og 2010.

Greiningardeildin gerir ráð fyrir að aukið framboð nýrra fasteigna og skert kaupgeta fasteignakaupenda valdi viðsnúningi í verðþróun fasteigna um mitt næsta ár. Gert er ráð fyrir að hækkan þessa árs gangi til baka. Krístrún segir að árin 2010 og 2011 megi svo búast við hægri verðhækkun fasteigna á ný í takt við almennar verðlagshækkunarir og því ætti húsnæðisverð að ná núverandi styrk á ný á fáeinum árum.

Greiningardeildin segir fasteignamarkaðinn á krossgötum, mikið framboð sé af eignum og vextir teknir að bita. Krístrún segir vísbendingar um að verð sé orðið töluvert hærra en svo að nýir kaupendur ráði við. „Sem leiðir hugann að því hvern-



KRÍSTRÚN TINNA GUNNARSDÓTTIR Krístrún Tinna, sem er sérfræðingur greiningardeilda Landsbankans, segir óvissu í spá bankans um þróun á fasteignamarkaði fremur vera til hækkunar en lækkunar. Bankinn spáir samt lækkun á næsta ári. MARKAÐURINN/ANTON

ig staðan er hjá yngstu kynslóðinni,“ segir hún og bendir á að á fimm árum hafi verð tveggja herbergja íbúðar farið úr níu í 17 milljónir króna. Núna séu vextir hærri og 100 prósent lán alla jafna ekki í boði. Enn sé þó svigrúm til hækkana fram á mitt næsta ár. „En við erum ekki að tala um alvarlegt hrun heldur lítillaga leiðréttingu,“ segir Krístrún Tinna.

Reite úr framkvæmdastjórn Glitnis

Frank O. Reite, stjórnarformaður Glitnir Property Holding og fyrrverandi framkvæmdastjóri Glitnis í Lúxemborg, hefur ákveðið að gerast virkur fjárfestir í Glitni Property Holding. Hann mun því víkja úr framkvæmdastjórn Glitnis í lok september.

Fram kemur í tilkynningu til Kauphallarinnar að Reite muni halda áfram nánu sambandi við Glitni, sérstaklega hvað varðar áframhaldandi vöxt Glitnis Property Holding og sem ráðgjafi við stefnumótun bankans.

Reite eignast um sex prósent hlutfjár í Glitni Property Hold-



HÖFUÐSTÖÐVAR GLITNIS Frank O. Reite hefur ákveðið að gerast virkur fjárfestir í Glitni Property Holding. - jsk

ing og heldur áfram sem stjórnarformaður. Glitnir á nú tæplega sextíu prósent í Glitni Property Holding. - jsk

Horfa til ytri vaxtar

Hannes Smárason segir tækifæri Tryggingamiðstöðvarinnar felast í ytri vexti. Forsvarsmenn TM hafa nú þegar nokkur félög á Bretlandi og Norðurlöndum í sigtinu.

Jón Skaftason
skrifar

„Við teljum að í félaginu felist ákveðin tækifæri sem menn hafa kannski ekki alveg kveikt á,“ segir Hannes Smárason, forstjóri FL Group, en félagið ræður nú tæplega 84 prósentum hlutfjár í Tryggingamiðstöðinni og hyggst gera yfirtökutilboð í þá hluti sem eftir standa.

Hannes segir tækifæri Tryggingamiðstöðvarinnar einkum felast í ytri vexti og segist horfa til Norðurlandanna og Bretlands í því samhengi. Ætlinin sé að láta fyrirtækið vaxa í höndum FL Group, og til þess séu takmörkuð tækifæri hér á landi. „Við höfum séð nokkur félög sem við teljum að geti fallið mjög vel að rekstri TM. Þessi mál eru á byrjunarstigi, en við höfum séð ákveðin tækifæri sem við teljum okkur geta nýtt“, segir Hannes.

Um nokkur fyrirtæki er að ræða að sögn Hannesar; bæði rótgróin og önnur smærri. „Hversu mörg félögin á endanum verða kemur í ljós síðar. Við horfum svoltið á þetta eins og þegar við keyptum hollenska drykkjarframleiðandann Refresco. Við höfum náð að tvöfalda það félag á tæpum tólf mánuðum og hver veit nema við getum gert einhverja svipaða hluti gegnum TM.“

Tryggingamiðstöðin keypti í fyrra norska tryggingafélagið REMI forsikring. Hannes segir Tryggingamiðstöðina hafa náð góðum árangri í Noregi. Hann bendir á að Glitnir sé þar sterkur fyrir sem skapi augljós tækifæri fyrir samvinnu milli félanna tveggja.

Með kaupnum eykst enn vægi fjármálafyrirtækja hjá FL Group enn frekar. Hannes bendir á að nú sé í fyrsta skipti hreint rekstrarfélag undir hatti FL Group, síðan félagið seldi hlut sinn í Icelandair. „Þarna er komið fyrirtæki með fjárstreymi sem við teljum okkur geta nýtt.“

Jafnframt verður áhersla á að styrkja stöðu Tryggingamiðstöðvarinnar enn frekar á þeim mörk-



HANNES SMÁRASON, FORSTJÓRI FL GROUP FL Group hefur ekki farið varhluta af óróa á hlutabréfamörkuðum. MARKAÐURINN/GVA

uðum sem félagið hefur starfað á. Hannes segist vonast til að hægt verði að auka arðsemi í tryggingarekstri enn frekar, en hagnaður félagsins af tryggingastarfsemi nam 337 milljónum fyrir skatta á fyrstu sex mánuðum árs. Heildarhagnaður var rúmum 2,4 milljarðar króna.

Mikils óróa hefur gætt á hlutabréfamörkuðum undanfarnar vikur og hefur FL Group ekki farið varhluta af þeim hræringum. Gengi félagsins stendur nú í rúnum 24 krónum á hlut og hefur lækkað um tæplega tuttugu og eitt prósent frá 19. júlí á þessu ári. Hannes segist lítið geta tjáð sig um hvort verðlagning félagsins sé sanngjörn, en segir þó mögulegt að draga ákveðnar ályktanir. „Ég keypti í FL Group fyrir sex milljarða á mánudaginn. Ég hefði nú varla gert það ef ég teldi félagið of dýrt.“

„Ég keypti í FL Group fyrir sex milljarða á mánudaginn. Ég hefði nú varla gert það ef ég teldi félagið of dýrt,“ segir Hannes.

Einfalt mál

EINA VIÐSKIPTAÞLAÐIÐ SEM ÞÚ ÞARFT



Með Fréttablaðinu alla miðvikudaga



Í hádegisfréttum kl 12:12 á Stöð 2



Markaðurinn á Vísi alla daga



VIÐSKIPTAFRÉTTIR
ALLA DAGA VIKUNNAR

BARÁTTAN UM BESTA FÓLKIÐ

ALPJÓÐLEG RÁÐSTEFNA Á NORDICA

25. SEPTEMBER 2007

Samkeppnin um hæfasta starfsfólkið harðnar hröðum skrefum. Tæknibyltingar, hækkandi menntunarstig, minnkandi tryggð, kröfur um sveigjanleika og nýr alþjóðlegur vinnumarkaður eru aðeins forsmekkur þeirra breytinga sem eru að verða á íslensku atvinnulífi. Er þitt fyrirtæki viðbúið þessari þróun?

Á ráðstefnunni gefst einstakt tækifæri til að skyggjast inn í framtíðina með tveimur af fremstu sérfræðingum heims á sviði stjórnendabjálfunar og rannsókna á vinnumarkaði.

DAGSKRÁ

- 12:30 Móttaka
- 13:00 Setning ráðstefnunnar
- 13:10 **Mannauður og áskoranir 21. aldarinnar**
- Dr. Svafa Grönfeldt og Atli Atlason
- 13:40 **Adjusting to the World of Work for Creating a Competitive Advantage** - Dr. Dominique Turcq
- 14:50 Kaffihlé
- 15:20 **The Future of Leadership** - Sir John Whitmore
- 16:30 Umræður
- 17:00 Ráðstefnulok

Ráðstefnustjórn: Dr. Margrét Jónsdóttir

Dr. Svafa Grönfeldt og Atli Atlason

„Mannauður og áskoranir 21. aldarinnar“

Dr. Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík og Atli Atlason, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs Landsbankans opna ráðstefnuna og deila sinni sýn á helstu áskoranir sem blasa við íslensku atvinnulífi á 21. öldinni.



Dr. Dominique Turcq

„Adjusting to the World of Work for Creating a Competitive Advantage“

Dr. Dominique Turcq er meðal fremstu sérfræðinga heims í málefnum alþjóðlegs vinnumarkaðar. Hann hefur einstaka yfirsýn yfir strauma og stefnur í atvinnumálum á heimsvísu og innsýn í fjölbreytilegar þarfir fyrirtækja, enda hefur hann helgað sig rannsóknum, stefnumótun og viðskiptaþróun á þessu sviði um árabil.



Sir John Whitmore

„The Future of Leadership“

Sir John Whitmore er frumkvöðull á sviði stjórnendabjálfunar. Hann vakti fyrst athygli sem Evrópumeistari í kappakstri en skaut upp á stjórnuhimininn með bók sinni *Coaching for Performance*, sem hefur verið þýdd á yfir tuttugu tungumál. Sir John Whitmore var nýlega útnefndur sem sá fremsti á sviði stjórnendabjálfunar í Bretlandi af blaðinu *The Independent*.



Verð: 18.000 kr.

Skráning á www.hr.is eða skraning@ru.is



HVER ER PINNAR GÆFU SMÍÐUR?



Morgunblaðið

Deloitte.

Murdoch sinnir sínum líkum

Dow Jones & Co., útgáfufélag bandaríska viðskiptadagblaðsins The Wall Street Journal ætlar að hefja útgáfu á glanstímariti eftir eitt ár. Tímaritið, sem gefið verður út ásamt helgarútgáfu Wall Street Journal, mun heita Pursuits og beina sjónum sínum að heimi hinna vellauðugu en vonast er til að þar finni þeir eitthvað við sitt hæfi.

Efalítið mun eigandi útgáfufélags Wall Street Journal geta lesið sitt lítið af hverju í nýja tímaritinu. Það er enginn annar en ástralsk-ættaði auðkýfingur-

inn Rupert Murdoch, sem keypti útgáfufélagið fyrir skömmu fyrir um fimm milljarða dala, rúma 300 milljarða íslenskra króna.

Þó að væntanlegir lesendur blaðsins verði í efri tekjuflokkum er stefnt að því að netúgáfa þess verði ókeypis, ólíkt netefni Wall Street Journal. Reiknað er með að auglýsingar lúxusverslana á munaðarvöru greiði upp mismuninn, að því er dagblaðið sagði um helgina. -jáb



RUPERT MURDOCH Útgáfufélag Wall Street Journal ætlar að gefa út tímarit í hverjum mánuði sem sinnir þörfum vellauðugra einstaklinga.

Fjármálafyrirtækin horfi í eigin barm

Fasteignalánafyrirtæki í Bandaríkjunum geta kennt sér sjálf um skellinn sem þau hafa orðið fyrir síðustu vikurnar. Þetta segir Henry Paulson, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, en hann átelur fyrirtækin fyrir óabyrgar lánveitingar á undirmálslánamarkaði vestanhafs um árin.

Til þessa sérstæða markaðar teljast þeir viðskiptavinir fasteignalánafyrirtækja sem hafa litla greiðslugetu, slæma greiðslusögu og fá alla jafna ekki hefðbundin fasteignalán í Bandaríkjunum. Undirmálslánin bera iðulega hærri vexti en venjuleg fasteignalán og hafa lántakar átt



HENRY PAULSON Fjármálaráðherra Bandaríkjanna segir fasteignalánafyrirtæki þar í landi geta að nokkru leyti kennt sjálfum sér um skellinn vegna samdráttar á fasteignalánamarkaði.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

í erfiðleikum með að borga af þeim.

Fjöldi fjármálafyrirtækja víða um heim sem hefur fjárfest í lánasöfnum fasteignalánafyrirtækja vestanhafs hefur lent í erfiðleikum vegna mikilla vanskila

þessara einstaklinga í Bandaríkjunum. Paulson segir þetta fyrirtækjunum sjálfum að kenna og þau verði að líta í eigin barm. „Ég tel að það sé ekki hlutverk yfirvalda og eftirlitsaðila að verja þau gegn tapi,“ sagði Paulson. -jáb

Leikföngin dýrari um þarnæstu jól

Svo getur farið að verð á leikföngum sem framleidd eru í Kína muni hækka að meðaltali um tíu prósent, og jafnvel meira, á næsta ári. Ástæðan er sú að Samtök leikfangaframleiðenda í Bandaríkjunum hafa hert skoðun og gæðaeftirlit með leikföngum eftir að nokkrar milljónir



leikfanga, sem framleidd voru í Kína, voru innkallaðar. Leikföngin voru innkölluð eftir að upp komst að óeðlilega hátt hlutfall af blýi var í málningunni á þeim. Framleiðendur og smásalar í Bandaríkjunum hafa fram til þessa tekið á sig skellinn.

Fjármálasérfræðingar í Bandaríkjunum segja, í samtali við viðskiptablaðið BusinessWeek, að gangi spárnar eftir verði þetta með snörpuustu verðhækkunum á leikföngum um árabil. Þeir telja hins vegar ekki líkur á að verðhækkunin verði fyrir næstu jól því flestar verslanir séu þegar búnar að birgja sig upp fyrir hátíðina. -jáb

BARBIE-DÚKKA Hætt er við að verð á leikföngum muni hækka á næsta ári vegna ítarlegrar gæðakönnunar á þeim.



BIÐRÖÐ FYRIR UTAN EITT ÚTIBÚA NORTHERN ROCK Englandsbanki sagðist í gær ætla að tryggja fjármuni viðskiptavina breska fasteignalánafyrirtækisins Northern Rock.

MARKAÐURINN/AFP

Bankinn með bakhjarl

Nokkuð sló á áhyggjur manna í Bretlandi eftir að Englandsbanki sagðist mundu tryggja Northern Rock.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Gengi hlutabréfa í breska fasteignalánafyrirtækinu Northern Rock hækkaði um rúm ellefu prósent í gær eftir að bresk stjórnvöld veittu vilýrði fyrir því að Englandsbanki myndi tryggja innlán viðskiptavina fyrirtækisins vegna hræringa á fjármálamörkuðum og fyrirbyggja skakkaföll vegna líklegs samdráttar á breskum fasteignamarkaði. Svipaða sögu er að segja um gengi bréfa í öðrum breskum fjármálafyrirtækjum, sem hafði lækkað mikið á mánudag, sem rauk upp í kjölfarið. Gengi bréfa í fjármálafyrirtækinu Alliance & Leicester hækkaði sem dæmi um heil 25 prósent.

Miklar raðir mynduðust fyrir utan útibú Northern Rock um helgina eftir að stjórnendur fyrirtækisins sögðust hafa tryggt sér neyðarlán Englandsbanka, seðlabanka Bretlands, ef kæmi til lausafjárskorts. Viðskiptavinir fyrirtækisins skelfdust mjög og tóku út rúma tvo milljarða punda, jafnvirði rúmra 260 milljarða íslenskra króna, þar sem þeir óttuðust að spariðe þeirra myndi þurrkast upp. Þetta jafngildir um átta prósentum af öllum innlánnum bankans.

Gengi bréfa í Northern Rock hrundi í kjölfarið um rúm þrjátíu prósent.

Ráðamenn í Bretlandi stóðu vaktina um helgina og gerðu allt sem í þeirra valdi stóð til að telja viðskiptavinum breskra banka og lánafyrirtækja, ekki síst Northern Rock, trú um að þótt bankar hefðu heimild til að nýta sér neyðarlán Englandsbanka þá væri ólíklegt að til þess kæmi. Adam Applegarth, forstjóri Northern Rock, og aðrir fjármálaskýrendur bentu til dæmis á, að það væri fjarri lagi að fasteignalánafyrirtækið glímdi við lausafjárskort líkt og margir kollegar þeirra í Bandaríkjunum. Vísuðu þeir til þess að fyrirtækið stæði afar traustum fótum enda næmi eignastaða þess heilum 113 milljörðum punda, sem er jafnvirði 14.800 milljörðum íslenskra króna.

Fjármálaskýrendur eru nokkuð sammála um að staða Northern Rock hafi verið góð fyrir helgi og hafi það verið taugatitringur í kjölfar óróleika á fjármálamörkuðum sem hafi valdið því að múgæsingur greip um sig. Til dæmis benda nokkrir þeirra á, að trygging Englandsbanka sé afar traust og hefði bankinn aldrei veitt vilýrði fyrir henni hefði Northern Rock staðið á brauðfótum.

Fótboltakempa tapar fjármunum

Fjárfestingarfélagið HRJ Capital LLC, sem er að stórum hluta í eigu Joe Montana, einnar af mestu goodsögnum ameríska fótboltans, hefur greint frá því að einn af vagnarsjóðum félagsins hafi fallið um 12,4 prósent á fyrstu tveimur vikum ágústmánaðar og tapað þar með allri ávöxtun ársins.

Sjóðurinn hefur komið illa út úr falli á virði annars flokks bandarískra fasteignalána. Aðrir sjóðir félagsins, sem fjárfestu í sams konar verðbréfum, tóku einnig á sig skell.



Montana, sem gerði garðinn frægan sem leikstjórnandi hjá San Francisco 49ers, stofnaði HRJ árið 1999 ásamt öðrum fótboltakempum. Stofnendur nýttu sér sambönd sín úr heimi íþróttanna til að byggja upp fjárfestingafélag sem í dag stýrir um 110 milljörðum króna. Montana hafði einkum umsjón með fjárfestingum í fasteignum áður en hann lét af daglegum störfum fyrir tveimur árum. -eþa

JOE MONTANA Einn besti leikmaður NFL fyrr og síðar hefur átt farsælan feril sem fjárfestir þar til nú.

MARKAÐURINN/AFP



HB GRANDI

Hluthafafundur

Hluthafafundur HB Granda hf. verður haldinn föstudaginn 21. september 2007 í matsal HB Granda að Norðurgarði, Reykjavík.

Fundurinn hefst klukkan 14:00.

Dagskrá:

Kosning nýrrar stjórnar.

Framboðsfrestur vegna stjórnarkjörs rennur út fimm virkum dögum fyrir upphaf hluthafafundar. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

Atkvæðaseðlar verða afhentir hluthöfum og umboðsmönnum með skrifleg umboð á fundarstað frá kl. 13:30.

Stjórn HB Granda hf.



BÓKAÐU ÁRANGURSRÍKAN FUND Í EINSTÖKU UMHVERFI

Á Hótel Búðum er frábær aðstaða til að þjappa saman vinnuhóp eða til að halda fundi og allt að 40 manna ráðstefnur fjarri skarkala hversdagsins. Náttúrufegurðin skapar einstaka og óvenjulega umgjörð og frá þessu stórbrotna umhverfi stafar jákvæðum straumum til sköpunar. Herbergin eru gullfalleg og hvert einasta með guðdómlegt útsýni og að sjálfsögðu öll með nettengingu. Að loknu fundahaldi er síðan hægt að slaka á, njóta rómaðrar matargerðar Hótel Búða, kanna nánasta umhverfi eða skreppa á jökul.

Hótel Búðir eru tvímælalaust eitt fegursta sveitahótel Íslands og veitingahúsið á Hótel Búðum er rómað fyrir matargerð sem hefur borið hróður hótelsins út fyrir landsteinana. Matseðillinn er alla jafna bundinn árstíðum og íslenskt úrvalshráefni í öndvegi, m.a. sjávarfang úr nágrenninu, ferskt og ljúffengt. Seiðmögnuð náttúra umhverfisins skapar einstaka umgjörð fyrir fullkomna máltíð. Veitingastaðurinn bókar jafnt hótelpæsti sem aðra í mat.



Ef þú vilt gleðja góðan starfsmann eru gjafakortin okkar frábær hugmynd. Allar upplýsingar í síma 435 6700 eða á www.budir.is



Hótel Búðir – Snæfellsbæ
Sími 435 6700
budir@budir.is
www.budir.is
Opið allt árið



Engin samkeppni á lygnum sjónum

Bókin Blue Ocean Strategy hefur selst í milljónum eintaka á tveimur árum. Hún byggir á þeirri hugmynd að fyrirtæki þurfi alls ekki að berjast á blóðugum samkeppnismörkuðum til að ná árangri. Á föstudaginn kemur stendur Capacent fyrir ráðstefnu í Salnum í Kópavogi þar sem höfundur bókarinnar, **Renée Mauborgne**, kemur fram. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* kynnti sér hvernig fyrirtæki geta siglt lygnan sjó í samkeppninni.

Að sigla lygnan sjó eftir að hafa velkst um í harðri samkeppni er sjálfsagt nokkuð sem marga stjórnendur dreymir um. Bókin Blue Ocean Strategy rekur hvernig fyrirtæki sem hafa átt góðu gengi að fagna hafa skapað nýja markaði og brotist þannig frá allri samkeppni. Vinsældir bókarinnar og kenninga hennar hafa skilað höfundunum, þeim Renée Mauborgne og W. Chan Kim, prófessorum við háskólann INSEAD í París, í fjórtánda sæti á lista yfir fimmtíu helstu viðskiptahugsuði heims. Renée mun segja frá kenningunum á ráðstefnu tileinkaðri bókinni, sem Capacent stendur fyrir á föstudag í Salnum í Kópavogi í sam-

vinnu við Baug Group og Háskólann í Reykjavík.

Upphaflega setti tvíeykið kenningar sínar fram í fimm sjálfstæðum greinum sem birtust hver af annarri í Harvard Business Review. Bókin, sem varð til úr greinunum og ábendingum frá fjölda fræðimanna og nemenda, kom svo út árið 2005. Hún sló strax í gegn og hefur síðan verið á námskrá háskóla víða um heim. Vafalaust liggur hún líka á náttborðum ófárra stjórnenda. Meðal þeirra sem sagðir eru hafa tekið ástfóstri við bókina er Sigurður Einarsón, forstjóri Kaupþings. Segir sagan að hann hafi keypt eintök af bókinni í tugatali fyrir alla millistjórnendur Kaupþings eftir að hafa lesið hana sjálfur.

Það sem helst hefur skapað kenningum þeirra Mauborgne og W. Chan Kim brautargengi er að, ólíkt viðteknum stefnumótunarhugmyndum, ganga þær ekki út á að fyrirtæki verði annaðhvort að einbeita sér að kostnaðaraðgreiningu eða sérstöðumyndun. Þvert á móti segja þau að ekkert bendi til þess að þessi atriði útiloki hvort annað. Slík sérhæfing leiði til þess að fyrirtæki berjast fyrir markaðshlutdeild á því sem næst sama svæðinu. Það leiði aftur af sér minnkandi hagnað þar sem sífellt erfiðara verði að skapa sérstöðu á markaði undir slíkum kringumstæðum.

Galdurinn sem Blue Ocean Strategy kennir hins vegar er að auka virði fyrir viðskiptavini

og lækka kostnað fyrirtækis á sama tíma. Að endurskilgreina vandamál markaðarins frekar en að leysa þau. Við það verði til virðisauki nýsköpunar sem er hornsteinn hugmyndafræðinnar. Höfundarnir leggja fram fjögurra aðgerða ramma sem fyrirtæki eiga að fylgja til að færa sér hana í nyt. Innan hans eru lykilorðin eyða, minnka, skapa og auka: Að hætta alveg að gera eitthvað ákveðið sem upp að þessum tímamarki hefur þótt alveg nauðsynlegt. Að minnka verulega þætti sem hingað til hafa þótt almenn viðmið markaðarins. Að skapa nýja þætti sem neytandinn hefur aldrei séð áður. Og að lokum að auka ákveðna þætti langt umfram það sem nú tíðkast.

Bónus gott íslenskt dæmi

Stofnendur Bónuss nýttu sér í reynd hugmyndafræði Blue Ocean í upphafi rekstrarferils verslunarkeðjunnar, þótt það hafi verið algjörlega ómeðvitað. Þessu munu þeir Hákon Gunnarsson og Friðfinnur Hermannsson, sérfræðingar hjá Capacent, færa rök fyrir á ráðstefnunni á föstudaginn. Þeir hafa að undanförunu farið yfir sögu og stefnu Bónuss með Jóhannesi Jónssyni, sem ásamt syni sínum Jóni Ásgeiri stofnaði keðjuna árið 1989.

Það ár var Blue Ocean-hugmyndafræðin ekki til. Samt mætti ætla að þeir feðgar hefðu haft hana við hönd þegar fyrirtækið var stofnað, svo nákvæmlega hefðu þeir getað farið eftir leiðbeiningum um hvernig á að

færa sér hugmyndafræðina í nyt á sem skilvirkastan hátt. „Bónus kom inn á mjög erfiðan markað árið 1989. Mikligarður, Grundarkjör, kaupfélögin og nánast allir aðilar á íslenskum smásölumarkaði börðust í bökkum og verslanakeðjurnar áttu ekki góða daga. Í raun hefðu fáir getað fært fyrir því rök að þetta væri kjörtími til að setja upp smásölverslun,“ segir Hákon. Það gerðu þeir feðgar samt sem áður og fylgdu afar einfaldri stefnu: Að bjóða nauðsynjavöru á eins lágu verði og mögulegt væri. Slagorðið „Bónus býður betur“ varð til og því fylgt í hvívetna.

Hákon segir að skipta megi þeim leiðum sem Bónus nýtti

sér til aðgreiningar í fjögurra aðgerða ramma, eins og hugmyndafræði Blue Ocean gengur út á, þar sem skoðaður var kostnaður á öllum sviðum rekstrarins, ásamt þjónustu, staðsetningu og vöruúrvali, svo nokkuð sé nefnt. „Það má segja að þessi hugmyndafræði gangi út á það að fyrirtæki marki sér sérstöðu með kerfisbundnum hætti og forðist að endurtaka það sem gert er fyrir á markaðinum. Stóri ávinningurinn af því að beita þessari hugmyndafræði er hversu einföld hún er og þar af leiðandi auðveld að innleiða. Þetta nýttu Bónusfeðgar sér.“ Fyrirtækið hóf rekstur á einni matvöruverslun á sínum tíma. Í dag eru Bónus-



HÁKON GUNNARSSON Bónusverslanirnar falla vel að hugmyndafræði Blue Ocean. Fyrir þessu færir Hákon Gunnarsson, sérfræðingur hjá Capacent, rök á ráðstefnunni á föstudag.

MARKAÐURINN/GVA

verslanirnar tuttugu og fimm víðs vegar um landið og starfsfólk um 850. „Mín tilfinning er sú að þetta geti hjálpað mörgum fyrirtækjum sem standa frammi fyrir ákveðinni stöðnun og hafa ekki skýra framtíðarsýn,“ segir Hákon.

Saga sólarsirkussins

Hinum margrómaða og sérstaka Sólarirkusi, eða Cirque du Soleil, hefur tekist að sigla lygnan sjó í samkeppninni. Sirkusinn var stofnaður fyrir rúmum tuttugu árum í Montreal í Kanada af hópi götulistamanna. Sirkusbransinn var á þeim tíma án alls vafa nokkuð staðnaður. Óhamingjusamir trúðar, skeggjaðar kerlingar og vannærð og óhamingjusöm sirkusdýr áttu erfitt uppdráttar í harðnandi heimi afþreyingarinnar. Þeim fækkaði hratt sem völdu að sjá sirkusinn þegar hann kom í bæinn. Stofnendur Sólarirkussins sáu að þeir þyrftu að koma inn með glænýja hugsun og áherslur ef þeir ætluðu að komast áfram.

Meðal annars var tekin ákvörðun um að hafa engin dýr. Með því hvarf stærstur hluti rekstrarkostnaðarins, enda er Kanada ekki heimkynni apa, ljóna og fíla sem hingað til höfðu þótt ómissandi í sirkussýningum og kostaði morðfjár að eignast og halda í lífinu. Þetta skapaði rými til að leggja meira í önnur atriði og markaði upphafið að því mikla sjónarspili sem Sólarirkusinn býður í dag. Þá var fókusinn settur á fullorðna frekar en börn. Þeir voru líka tilbúnir að borga meira fyrir eigin miða en fyrir barnamiða, að því gefnu að þeir fengu sýningu sem slægi allar aðrar út. Og það fengu þeir.

Með þessari nýju hugsun tókst sirkusnum að ná í áhorfendur sem á annað borð hefðu alls ekki látið sjá sig í hefðbundnum sirkus. Í dag hafa meira en sjötíu milljónir vegar um heim komið á sýninguna. Stjórnendum sirkussins tókst það sem Blue Ocean hugmyndafræðin gengur út á: Að skapa eftirspurn á nýjum markaði sem enginn vissi að væri til. Samkeppnin hætti að skipta máli. Sólarirkusinn er í dag helsta menningarútlutningsvara Kanada. Hann hefur fyrir langalöngu náð þeim sessi að vera vinsælasti sirkus veraldar.




512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT AÐ SÝN 2

Gakktu frá áskrift á Netinu og fáðu
30% afslátt af fyrsta mánuðinum



BOLTINN



SÝN2
enski boltinn

**VIÐ TÖLVUNA Í
HÖFUÐSTÖÐVUM
NORDIC PARTNERS
VIÐ SUÐURGÖTU**

Gísli Reynisson, meirihlutaeigandi fjárfestingafélagsins Nordic Partners, segir félagið hafa hagnast vel á því að hafa fjárfest í Lettlandi þegar fáir aðrir þorðu.

MARKAÐURINN/ANTON



Lífskúnstnerinn sem festi sér flaggskip Dana

Íslenska fjárfestingarfélagið Nordic Partners festi í síðustu viku kaup á danskri hótélkeðju með flaggskip Dana, glæsihótelið d'Angleterre, og fleiri skrautfjaðrir í Kaupmannahöfn innanborðs. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* settist niður með *Gísla Þór Reynissyni*, meirihlutaeiganda félagsins, og ræddi við hann um fjárfestingar í Eyrstrasaltríkjunum þegar enginn þorði að stíga þar niður fæti.

Gísli Þór Reynisson, nýr meirihlutaeigandi að glæsilegum lykilhótelum í Kaupmannahöfn, hefur langa reynslu í viðskiptum. Og það mjög langa, ef marka má umfjöllun um hann í Fréttablaðinu um síðustu helgi. Þar var hann sagður hafa stefnt á að verða ríkur frá leikskólaaldri, selt inn á biósýningar á eigin heimili í Kópavogi á barnsaldri og sett á laggirnar keðju pylsuvagna á unglingsaldri. „Við getum sagt að ég hafi verið lengi í business,“ segir Gísli fullur hógværdar þar sem hann stendur inni á skrifstofu Nordic Partners í Suðurgötunni og býr sig undir myndatöku. Nánar er ekki farið út í þá sálma enda ljóst að Gísli dvelur ekki mikið í fortíðinni.

Gísli, sem er nýskriðinn yfir 42 ára aldurinn, er doktor í fjármálhagfræði og tölfraði frá Tampere-háskóla í Finnlandi, sem er ekki algengt í íslensku viðskiptalífi. Hann lauk grunnnámi hér á landi tvítugur en fór að því loknu utan til Portland í Oregon-ríki í Bandaríkjunum og lauk þaðan B.Sc.-gráðu í hag-

fræði frá Lewis & Clark-háskólanum. Námið hélt áfram og landaði hann MBA-gráðu í fjármálafræðum og tölfraði frá Oregon-háskóla árið 1991 og hóf þar doktorsnám. Dvölin vestur frá varð hins vegar ekki lengri því hann fór fljótlega yfir til Finnlands og lagði þar stund á kennslu, rannsóknir og doktorsnámið.

Gísli segir enga augljósa ástæðu fyrir því að hann hafi leitað til skóla utan landsteinanna og sé í engu að sakast við Háskóla Íslands. „Ætli það sé ekki bara uppeldið, hvatningin frá foreldrunum,“ segir hann án þess að fara lengra út í það. Engu að síður er ljóst af áðursögðu að Gísli fékk viðskiptavitið og listahugann á æskuheimilinu; foreldrar hans eru Guðbjörg Gísladóttir solumanneskja og Reynir Þorgrímsson ljósmyndari, fyrrverandi bílasali og núverandi framkvæmdastjóri Fyrirtækjasölnunnar.

Gestir í húsakynnum Nordic Partners taka eftir því að þar úir og grúir af

fallegum listmunum, íslenskum sem erlendum, nánar tiltekið frá Lettlandi, en Gísli er ræðismaður Íslands þar í landi og hefur fjárfest talsvert þar í rúman áratug.

FYRSTU SKREFIN Í FINNLANDI

Gísli segir það tilviljun eina að hann hóf að fjárfesta eins og raunin varð í Lettlandi. „Ég var að detta inn í kennslu í háskólanum [í Finnlandi] en var náttúrulega alltaf í smábiness,“ segir hann. Á meðal viðskiptanna var Finnish Venture Capital, áhættufjárfestingafélag undir fjármálasamstæðu, sem Gísli starfaði hjá um tíma en endaði á að kaupa með öðrum starfsmönnum. „Ég var þar í þrjú ár og gekk vel,“ segir Gísli, sem meðfram þessu stundaði doktorsnám í fjármálafræðum í Tampere. Gísli lauk Ph.Lic.-prófi frá háskólanum árið 1994 en doktorsprófinu ári síðar. Þar á eftir stundaði hann rannsóknir í einkavæðingu ríkisfyrirtækja við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum, sem var beint áframhald af doktorsritgerðinni. Árið 1997 seldi hann svo

Dotur fyrir stjórnendur og auðjöfra

Nordic Partners setti flugfélagið IceJet á laggirnar í fyrra en um tíu mánuðir eru síðan félagið fékk flugrekstrarleyfi. Félagið á fimm Dornier-328 einkapötur, tvær eru staðsettar á Reykjavíkflugvelli en þrjár erlendis.

Vélarnar eru mikið breyttar en í stærri vélunum eru sæti fyrir níttján manns en fjórtán í hinum. „Það er gott pláss fyrir alla og gæðin höfð í fyrirrúmi hvað viðkemur viðskiptavininum,“ segir

Gísli Reynisson og bendir á að eftirspurn eftir vélum sem þessum sé yfir væntingum. Kúnnahópurinn er stjórnendur fyrirtækja og fleiri víða um heim, sem horfa í tímasparn að með því að fljúga með einkapötum sem þessum, ekki síst þar sem mikill tími fari til spillis í kjölfar hertra öryggiskrafna á flugvöllum sem tefji marga farþega. Þeir sem leigi þotur IceJet komist hjá öllu slíku, að sögn Gísla, sem sjálfur kys að fara í flugi frá Reykjavíkflug-



Ein af vélum IceJet IceJet, dótturfélag Nordic Partners, rekur fimm Dornier-328 einkapötur. Kúnnarnir eru sagðir stjórnendur stórfyrirtækja og auðjöfra. Eftirspurn eftir vélum félagsins er yfir væntingum, að sögn Gísla Reynissonar.

MARKAÐURINN/ANTON

velli og lenda miðsvæðis í erlendum stórborgum.

Hann vill samt lítið segja um viðskiptavinina að öðru leyti en því

ad þeir séu mjög góðir. „Besti viðskiptavinurinn sem við gefum upp er auðvitað Nordic Partners. Það er traustur kúnni,“ segir hann og hlær.



Þjónusta

Þjónustuaðili:

Langendorf Fiat MSB New Holland NPK
Daewoo (IR) Montabert DEUTZ Kobelco

VeiRás ehf.

Sérhæfð þjónusta við rafkerfi og glussakerfi

RAUÐHELLA 16 • 220 HAFNARFIRÐI • SÍMI 555 6670 • FAX 555 6671 • velras@velras.is

Slöngur og fittings
á lager.

Smurþjónusta fyrir
stóra bíla og vinnuvélar.

Setjum á og útvegum
yfirbreiðslur á vagna.

vinnuvélar

MÍÐVIKUDAGUR 19. SEPTEMBER 2007

Kornið skorið

Kornskurðarvélum fylgar í
takt við aukna kornrækt **BLS. 7**



PRETTAHLAÐIANTON



Öflug í grunnvinnunni

„Við hjá Arnarverki þurfum öflug tæki sem eru í fremstu röð í jarðvegsvinnu. Lýsing hefur ávallt verið fyrsti kosturinn þegar við höfum þurft á fjármögnun að halda. Hjá Lýsingu er unnið hratt og vel úr okkar málum af einstöku starfsfólki sem hefur skilning á þörfum okkar.“

Ágústa Einarsdóttir fjármálastjóri, Arnarverk ehf

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir


LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

Leiðin að listinni

Tónlistar- og ráðstefnuhúsið við hafnarbakkann fer senn að taka á sig mynd en það er byggt til að skapa fyrsta flokks aðstöðu fyrir tónlistarfólk og -unnendur og til að hýsa ráðstefnur á heimsælikvarða.

Íslenskir aðalverktakar eru þessa dagana að störfum við sæinn og er þar mikið um að vera. Þar ber að líta háa krana sem ber við himin og mynda mynstur með háls-um sínum. Kjallari hússins er að verða til

og gröfur eru þar að störfum ýmist við að rífa gamlar leifar eða byggja nýjar stoðir. Hvert sem litid er má sjá merki örra tækni-framfara, nútímahugsunar og alþjóðasamfélags. Þegar okkur bar að garði voru stórvirkar vinnuvélar að verki við að draga stál úr gámum beint frá Kína og flokka brota-járn til endurvinnslu. Stemningin þennan dag við höfnina fól í sér eftirvæntingu fyrir því sem koma skal. Spannandi verður að sjá þegar marglitt stuðlabergið rís við höfnina og fólk fer að þyrpast þar inn til að njóta listar og leiks.

hrefna@frettabladid.is



Kranar mynda krossa við himinn. Nauðsynlegt er að hafa krana þegar byggðar eru stórar byggingar til að flytja efnið á staðinn og færa á milli. Því fleiri sem kranarnir eru, því hraðar gengur verkið. Stóru kranarnir geta tekið allt upp undir 5 tonn út á endann.



Margt smátt gerir eitt stórt. Hér er starfsmaður Íslenskra aðalverktaka að störfum. Spýturnar hér minna á járnbrautarteina en sumir af stóru byggingarkrönunum eru færðir á milli eftir sporum eða teinum sem síðan eru teknir upp jafnóðum.



Hér er verið að rífa niður gamlan steypantegg með fleyg. Hægt er að skipta um hausa á gröfunum eftir þörfum og gerist það allt saman í stýri-klefanum. Vökvastýrður búnaður losar hausinn og síðan er sá haus sem nota skal festur við. Þetta eru því fjölnota vélar. Byggður er síðan nýr vatnsheldur veggur sem heldur sjónum frá og verður síðan hluti af húsinu.

Stund milli stríða. Að sjálfsögðu eru mennirnir klæddir í allan nauðsynlegan öryggisbúnað.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Legókubbaleikur í raunveruleikanum. Hér eru kubbarnir að vísu tóluvert stærri en á leikskólanum en grunnhugmyndin kannski ekki ósvipuð. Allt þarf þetta að passa saman og því betra sem skipulagið er, þeim mun betri verður byggingin. Vinnuvélar eru síðan ómissandi í að koma hlutum á sinn stað en þær væru þó til einskis ef ekki væru verkamennirnir til að stjórna þeim.

Ertu að spá í atvinnutæki?

VIÐ FJÁRMÖGNUM
ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR!

Nýttu þér upplýsingar og reiknivélar á www.gf.is eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4400.

FJÁRMÖGNUN



Allur réttur áskilinn. Einungis til kynningar.

Leitaðu til sérfræðinga[®] þegar útsýn skiptir verulegu máli.



Jarðýtan D51EX/PX-22 er þannig hönnuð að útsýn yfir ýtblaðið er einstakt og eykur öryggi verulega. Innbyggð velrivörn í grind stjórnhússins og hallandi vélarhlífir tryggir betri útsýn, m.a. til að beita ýtblaðinu með meiri nákvæmni: Tækjastjórnin sér miklu betur til verka; öryggið eykst og afköstin um leið.

D51EX/PX-22-jarðýtan er jafn öflug og hún er þægileg. Hún aflmest í sínum stærðarflokki enda búin nýju ECOT-3 dísilvélinni frá Komatsu - hreinbrunavél sem stenst alla nýjustu og ströngustu staðla um útblástur. Auk þess er vélin einstaklega sparneytin. Lágt liggjandi þyngdarmiðja og breiður undirvagn skapa stöðugleika og halla/brattapol í sérflokk. Glussadrifið byggir á nýjustu tækni með mjúkt, hiklaust átak og snúningssnerpu sem þýðir hámarksafköst og lípurð.

Þá er nýja ýtan búin hinu byltingarkennda Komtrax-fjarskiptakerfi okkar sem sýnir á tölvuskjá á skrifstofu eiganda hvar hún er stödd, hvað verk hún er að vinna, hvert ástand hennar er o.fl.

Það gerist ekki betra hjá ýtum!



KOMATSU

Vöxtur í atvinnu- tækjaleigu

„Atvinnutækjaleiga er vaxandi í starfsemi íslenskra verktaka en við leigjum út byggingakrana, Peri-byggingamót, rafstöðvar, ljósamöstur og leggjum áherslu á alla umgjörð í kringum vinnu-
svæði,“ segir Kári Steinar Lúthersson, framkvæmdastjóri at-
vinnutækjasviðs Mest.

„Þar sem ekki er komin lýsing í hverfum bjóðum við ljósamö-
stur sem lýst geta upp stóra knattspyrnuvelli, vinnuskála, rafstöðv-
ar og fleira. Það færast í vöxt að verktakar leigi heilu vinnubú-
irnar þegar byggingasvæði rísa,“ segir Kári en útleiga á bygg-
ingakrönum og mótum hefur einnig vaxið gríðarlega undanfarin
fimm ár.

„Minni verktakar leigja eftir verkefnastöðu sinni. Ef þeir sjá
ekki fram í tímann byrja þeir á að leigja, en kaupa svo oft allan
pakkann þegar ljóst verður með framhaldið. Stærri verktakar nota
leiguvélar til að taka af toppa. Þeir eiga þá ákveðið magn af tækj-
um sjálfir en þegar mikinn kraft þarf að setja í verk fyrir ákveð-
inn tíma er tækja-
leiga hentug leið til
að brúa bilið,“ segir
Kári, en atvinnutækja-
leiga Mest horfir fyrst
og fremst á útleigu til
fagaðila.



Alfreð Karl Alfreðsson, deildarstjóri atvinnu-
tækjaleigu, í örmum tveggja vinnuvéla Mest, en
mikið færast í vöxt að verktakar leigi vinnuvélar
af ýmsu tagi.

FRETTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

„Við bjóðum einnig
minni tæki fyrir múr-
vinnslu, eins og múr-
dælur fyrir aðila sem
flota gólf. Þá eru stór-
ar og öflugar vatns-
dælur vinsælar þegar
vatnsveður verður
mikið og losna þarf við
vatn af svæðinu strax. Þannig verkefni eru oft árstíðabundin og
tilfallandi svo menn vilja síður eiga slíkar vatnsdælur en hafa að-
gang að þeim með leigu þegar skellur á með úrhelli,“ segir Kári,
en Mest er stærst í útleigu vinnupalla og vinnulyfta á Íslandi.

„Menn eru nánast hættir að standa í stiga við vinnu sína og
fá sér frekar vinnulyftur eða öflugar og örugga vinnupalla. Fólki
finnst ekki í lagi lengur að leggja sig í óþarfa hættu og reglugerð-
ir þar að lútandi verða sífellt strangari,“ segir Kári, viss í sinni
sók að leiga sé þáttur sem aukast muni mikið í framtíðinni.

„Sé horfið til nágrannalandsanna fer atvinnutækjaleiga mjög
vaxandi. Stóru fyrirtækin vilja minnka áhættuna, auk þess sem
öryggi og hagkvæmni fylgir því að leigja atvinnutæki. Það eru
okkar hagsmunir að halda öllum vélum í góðu ásigkomulagi með
góðu viðhaldi, auk þess sem bilanir lenda alltaf á okkur. Margir
vilja eignast hlutina þegar lengist í verkum og fá leiguverð upp í
kaupverð. Þetta er því orðið eitt form af lánaviðskiptum; að menn
leigi atvinnutæki með valmöguleika á kaupum.“

thordis@frettabladid.is



Fyrstu vörubílarinnir í nýrri línu frá MAN verða kynntir hjá umboðinu, Krafti, við Vagnhöfða um helgina. Er þú gerðirnar TGX og TGS sem taka við af TGA-línunni en þessir bílar eru einkum ætlaðir til þungaflutninga og langflutninga.

Ný vörubílalína frá MAN

Þýski vörubíla- og rútufram-
leiðandinn MAN kynntir um
þessar mundir nýjar vörubíla-
línur, MAN TGX og TGS.

Nýju línurnar koma í stað TGA-
gerðarinnar og eins og hún eru
nýju gerðirnar stærstu og burðar-
mestu MAN-bílarinnir og báðar
gerðir eru ætlaðar til notkunar á
styttri leiðum sem og langleiðum.

TGA-línan kom fram á
sjónarsviðið á aldamótaárinu og
segja forráðamenn MAN hinar
nýju gerðir byggjast á góðri
reynslu af TGA en af þeirri gerð
hafa selst rúmlega 230 þúsund
bílar. TGX og TGS eru nýir bílar
frá grunni. Útlitsbreyting er tal-
vert mikil að framan sem MAN-
eigendur sjá strax en heildarupp-

byggingin er hin sama. Hús og
innrétting eru ný, meðal annars
ný efni í kojum, og boðið er upp á
nýtt úrval véla. Þar á meðal er ein
sú aflmesta fyrir fjöldaframleidd-
an flutningabíl, átta strokka V-vél
sem er 680 hestöfl og tog henn-
ar er 3.000 Nm. Þessi vél er eink-
um ætluð fyrir þungstu vagnalest-
irnar í langflutningum og fyrir
þungaflutninga.

Fjögur ár eru síðan MAN hóf
að leggja drög að nýju línunum og
hafa bílarnir verið prófaðir ítar-
lega á sérlega heitum og sérlega
köldum svæðum. Er sama aðferð
viðhöfð og við prófun á fólksbíl-
um að bílarnir eru í „dulargervi“
þegar farið er með þá um lönd og
álfur. Hafa þessar prófanir staðið
yfir í næstum þrjú ár. Þá hefur
verið lagt mikið upp úr að leita

eftir upplýsingum frá kaupendum
og bílstjórum sem forráðamenn
MAN segja hafa gefið mjög gagn-
legar ábendingar við útfærslu á
ýmsum atriðum.

Nýju TGX og TGS-gerðirnar
verða framleiddar í svo til öllum
verksmiðjum MAN innan og utan
Þýskalands. Gert er ráð fyrir að
TGA-gerðin verði framleidd í
verksmiðju fyrirtækisins í Pól-
landi í nokkra mánuði til viðbótar
eða þar til framleitt hefur verið
upp í pantanir.

MAN-umboðið, Kraftur við
Vagnhöfða í Reykjavík, hefur
þegar fengið fyrstu TGX og TGS
bíla til landsins. Verða þeir
kynntir hjá umboðinu á næstunni
en fyrsta alþjóðlega kynningin fer
hins vegar fram á bílasýningu í
Amsterdam nú í október.

Bílavarahlutir

RIWAX
beauty for cars

Bílabón og hreinsivörur

precision

Hjöruliðir

FAG

Kúlu- og rúllulegur

TIMKEN

Keilulegur

FREMIX

Hemlahlutir

optibelt

Viftu- og tímareimar

SACHS

Kúplingar og höggdeyfar

GLO

Kúluliðir

HJK

Hjólalegusett

FÁLKINN
PEKING REYNSLA ÞJÓNUSTA

Stofnað 1904

Suðurlandsbraut 8 • 108 Reykjavík • Sími: 540 7000 • Fax: 540 7001 • Netfang: falkinn@falkinn.is

- Það borgar sig að nota það besta
www.falkinn.is



Vinnuvélar af árgerðinni 2008 eru umhverfisvænni en þær sem fyrir voru.

Umhverfisvænni vinnuvélar

Evrópskir umhverfisstuðlar krefjast umhverfisvænni vinnu-
véla.

Evrópski Euro-4 staðallinn sem stuðlar að umhverfisvænni bifreiðum og vinnuvélum tók gildi fyrir tæpu ári. Staðallinn miðar að minni mengun og bifreiðar og vélar af árgerð 2008 eru þegar orðnar mun umhverfisvænni.

Samkvæmt upplýsingum frá Evrópubandalaginu þurfa framleiðendur sjálfir að bera ábyrgð á því að kröfunum sé fylgt eftir. Síðan þurfa þeir að framvísa gögnum við eftirlit. Löggjöfin er í sífældri þróun og árið 2009 kemur til sögunnar Euro-5 staðallinn með hertum reglum um mengunarvernd.



**Traust tæki
Vönduð þjónusta**



Flugvallatæki



Fullkominn
stjórnþúnaður



Salt- og sanddreifarar
í stærðum 0,6 - 9,0 rúmmetra



Snjóblásarar



Kastplógar með
skekkingu hægrí/
vinstri



Salt- og sanddreifarar fyrir dráttarvélar




Beilhack tennur




Snjótennur og plógar í öllum
stærðum



Fjölplógar



Undirtennur



Slitblöð úr stáli og carbide



Burstar og strá í alla sópa

Vegheflar, dælubílar
malbikstæki, götu-
sópar, smásópar



● VINNUVÉLAR BANNAÐAR Á NÓTTUNNI

Vinnuvélar eru bannaðar á götum og bílastæðum á höfuðborgarsvæðinu frá klukkan tíu á kvöldin til sex á morgnana. Gatnamálastjóri veitir tímabundna undanþágu frá þessum reglum vegna verklegra framkvæmda. Þeir staðir eru sérstaklega merktir fyrir vinnuvélar. Nánari upplýsingar er að finna á: www.reykjavik.is.



Vegir landsins eru merktir á hverju ári með svokölluðu sprautuplasti sem er sprautað á vegina um 200 gráðu heitu.



Demants ...

... **kjarnaborar:** 42 - 400 mm
... **slípibollar:** 125 og 180 mm
... **sagarblöð:** 125 - 800 mm
Gæði og gott verð.

PÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI

ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

Gæði á góðu verði Doosan - Daewoo lyftarar



Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

Sprautuplast notað í línurnar

Allt vegakerfið er skráð í tölvu og þar er kerfi sem segir til um hvernig á að merkja götur, hvar eigi að vera brotnar línur og hvar heilar.

Haukur Jónsson er deildarstjóri vinnuflokka hjá Vegagerðinni og hefur í sinni umsjá Volvo-bifreið sem sér um yfirborðsmerkingar á vegum landsins.

„Við köllum það sprautuplast sem við notum í vegamerkingarnar en það er plastefni sem er blandað með steinefni og litlum glerperlum til að mynda endurkast í línunum og meiri birtu,“ segir Haukur og bætir því við að þegar efninu sé sprautað á göturnar sé það 180-200 gráðu heitt. „Þetta þornar á mjög skömmum tíma eftir að það kemur niður á veginn og tekur í mesta lagi mínútu. Þegar við erum að sprauta keyrir annar bíll á eftir til að fylgjast með því að þetta sé í lagi og gera mælingar á þykkt og endurkasti en línurnar eru 10-12 sentimetrar að breidd og

1-2 millimetrar að þykkt,“ segir Haukur.

Spurður eftir hverju sé farið þegar vegirnir eru merktir segir Haukur: „Allt vegakerfið er skráð í tölvu og þar er kerfi sem segir til um hvernig á að merkja, hvar eigi að vera brotnar línur og hvar heilar. Þetta er sett út eftir GPS-punktum.“ Haukur bætir því við að fyrir fram sé búið að úða á veginn og merkja hvernig línur eigi að vera á hverjum stað.

Haukur segir bílinn eingöngu vera í notkun yfir sumartímann, frá maí og fram í septemberlok eða byrjun október. „Það þarf að vera þurrt þegar verið er að sprauta plastinu á en það er hægt að fara niður í frostmark ef það er alveg þurrt. Við notum plastið á umferðarmestu vegina, til dæmis á allan hringveginn og fjölfarna vegi út frá honum. Svo endist þetta mestallan veturinn og sums staðar fram á næsta sumar en þar sem mesta umferðin er og mikill snjómokstur endast merkingarnar ekki alltaf veturinn,“ segir Haukur.

sigrurdur@frettabladid.is

Verk og vit **2008**

Tryggðu þér svæði - bókaðu núna á verkogvit.is

Stórsýningin Verk og vit

- íslenskur byggingariðnaður, skipulagsmál, mannvirkjagerð og orkumál í Laugardalshöllinni, íþrótt- og sýningarhöll.

17.-20. apríl 2008

Peir sem skrá sig á sýninguna fyrir 1. október fá 10% afslátt af fermetraverði á sýningarrými.

Samstarfsaðilar:



AP sýningar · Mýrargötu 2-8 · 101 Reykjavík · sími 511 1230 · www.appr.is · www.verkogvit.is

Kornskurðarvélum fjölgar í takt við aukna kornrækt

Kornrækt á Íslandi fer vaxandi ár frá ári. Í dag eru skráðar um fjörutíu til fimmtíu þreskivélar á landinu sem skila góðri uppskeru.

Kornrækt hefur aukist mjög að umfangi síðustu ár og má líta svo á að hún sé komin til að vera á Íslandi. Árið 1995 var ræktað korn á um 500 hekturum, 1998 hafði það svæði þrefaldast. Jónatan Hermannsson, tilraunastjóri á Korpu, telur að nú séu um 4.000 hektarar lands notaðir undir kornrækt sem muni skila um það bil 14 til 16 þúsund tonna uppskeru í ár.

„Hér er aðallega ræktað bygg,“ útskýrir Jónatan, en í flestum tilfellum eru það kúabændur sem rækta það og nota sem fóður fyrir kýrnar sínar. Þá er kornið einnig notað sem fóður fyrir svín en í mjög litlum mæli til manndis. Lítið eitt er ræktað af höfum á Íslandi að sögn Jónatans en aðeins einn maður á landinu ræktar hveiti. Það er Ólafur Eggertsson á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum sem einnig er formaður Landssambands kornbænda. „Hveiti þarf að rækta með lagni og er aðeins hægt á hlýjustu svæðum landsins,“ útskýrir Jónatan en segir bygg hins vegar ræktað um allt land en þó mest á Suður- og Norðurlandi. Nú stendur yfir aðaluppskerutímabilið en septembermánuð nota bændur yfirleitt til að þreskja kornið sem er þá orðið þroskað. Þó þarf að hafa hraðar hendur svo haustriggingin skemmi ekki uppskeruna. Stundum þegar vel árar hefst þreskingin í lok ágúst.

Kornskurðarvélum hefur fjölgað mjög á síðustu árum. „Það var sú tíð að ég þekkti þær allar,“ segir Jónatan glettinn, en hann hefur fyrir löngu misst tölu á þeim.



Þreskivélar af gerðinni Sampo sem eru til sölu hjá Jötunn Vélum.

Finnbogi Magnússon hjá Jötunn Vélum á Selfossi hefur selt ófáa kornþreskivélina í gegnum tíðina. „Sampo-þreskivélar sem við erum með umboð fyrir eru algengustu þreskivélar hér á landi,“ segir Finnbogi en töluverð aukning hefur verið í sölu á slíkum vélum undanfarin ár. „Ætli við höfum ekki selt um þrjár á ári síðastliðin þrjú ár,“ segir Finnbogi og telur að spennandi tímar séu framundan í kornrækt á Íslandi. „Verðið á korni, hveiti og máis hefur hækkað mikið erlendis og verð á byggi til svínabænda hefur einnig hækkað,“ segir Finnbogi og spáir því að miklir möguleikar séu fyrir kornrækt í atvinnuskyni hér á landi í framtíðinni, sérstaklega þegar tekið er tillit til þeirrar áherslu sem lögð er á bióðísil og aðra vistvæna orkugjafa.

Finnbogi telur að um fjörutíu til fimmtíu kornþreskivélar séu til á landinu í dag og allar líkur á að þeim fjölgi töluvert á næstu árum. solveig@frettabladid.is



Kornþreskivélin á hveitiakri Ólafs Eggertssonar á Þorvaldseyri með tignarleg fjöllin í baksýn.

MYND/ÓLAFUR EGGERTSSON

Haust-tilboð!



Innifalið í verði:
Fortjald,
gashellur,
gaskútur,
hitari,
ísskápur
o.fl.

**TILBOÐ!
AÐEINS
kr. 990.000**

Aðeins örfá hjólhýsi til
á þessu frábæra verði

VÉLAR:ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is



3 ÁRA ÁBYRGÐ

DOOSAN H.A.G..ehf

Smiðshöfða 14 Sími 5672520



Nýsmíði sf.



Sérhæfum okkur í uppsetningu gífsveggja, gífslofta og allri almennri gífsvinnu.

Einbýli, fjölbýli, skrifstofu og iðnaðarhúsnæði.

Gerum tilboð að kostnaðarlausu. www.nysmidi.is S:899-4666



Vinnuvélar hafa ávallt skipað stóran sess í vegaf framkvæmdum. Hér er stór krani með skóflu notaður við vegagerð á Vesturlandsvegi 15. ágúst 1972. Sjá má Lágafellskirkju í Mosfellsbæ í baksýn.



Hér standa þrjár stoltar Caterpillar-jarðýtur í Örfirisey í júní 1967. Faxaverksmiðan og skip við bryggju eru í baksýn.



Þessi Caterpillar-jarðýta var sú stærsta sem komið hafði til landsins í mars 1974.



Helstu framfarirnar hafa líklega orðið í landbúnaði. Hér er maður við heyskap á gamalli dráttarvéli 20. júlí 1984, en verið er að raka heyinu í garða.

Vinnuvélar í tíma og rúmi

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan fyrsti traktorinn var fluttur til landsins árið 1918.

Gríðarlegar framfarir hafa orðið í þróun vinnuvéla líkt og annarra tækja og tóla. Fyrstu vinnu-



Dráttarvélið mokrar heyi á heyvagn á Nautaflofum í Ölfusi í Arnessýslu 28. júlí 1961.

vélnarar skiluðu sér seint og illa hingað til lands í fyrstu en eftir að fyrsti bíllinn var fluttur til landsins árið 1904 byrjuðu fljótlega að berast hingað stórvirkari vinnuvélar. Nokkru síðar hófu fyrstu vörubílnir að keyra um frumstæða vegi og götur landsins. Tækninýjungar áttu sér hins vegar stað fyrst og fremst í sveitunum enda var þar mesta þörfin. Fyrsti traktorinn barst hingað til lands árið 1918, svokallaður Akranestraktor, en hann var af gerðinni Avery.

Lítið gerðist á kreppuárunum í kringum 1930 en með seinni heimsstyrjöldinni komst skriður á hlutina.

Í gegnum tíðina hafa þó nokkrar myndir verið teknar af ýmsum vinnuvélum. Lítið var í gegnum nokkrar þeirra á Ljósmyndasafni Reykjavíkur sem voru teknar fyrir DV og Vísi á sínum tíma og



Hópur manna fylgdist með þegar stærsti krani sem fluttur hafði verið til landsins er hífður í land í Sundahöfn 25. maí 1983. Kraninn var 110 tonn.

var þar margt skemmtilegt að sjá sem minnti á gamla tíma.

Akralind 4 201 Kópavogur

Sími 544 4656 Fax 544 4657 mhg@unng.is

Leysir af hólmi K650 og K700

Partner K1250 / Þyngd 14,8 / Skurðd. 14,5 cm.

Partner HP 40 bensínvæðsla fyrir Partner K2500 & Partner K3600 Þyngd 88 kg / 18 hó BAS

Partner K750 / Þyngd 9,4 kg / Skurðdýpt 10 cm
Partner K750 / Þyngd 9,7 kg / Skurðdýpt 12,5 cm

Partner K2500 / Þyngd 8,3 kg / Skurðd. 14,5 cm.

Partner K3600 / Þyngd 11,2 kg / Skurðdýpt 14,5 cm

Partner K3600 / Þyngd 7,9 kg / Skurðd. 26,8 cm.

DIMAS hand - kjarnabervitar
DIMAS hringagarbíld
DIMAS ELD 20/ELO 45/ELO 70/ELO 90 Pur & blaut steinsigunarbíld
DIMAS kjarnabærstær
DIMAS kjarnabær

PARTNER CUTTING EXPERTS OF THE WORLD
The smart way. **DIMAS**



Ragnar Jónsson sölufulltrúi hjá Þór hf. og Kubota mini-tractor sem æ fleiri einstaklingar og smærri fyrirtæki kaupa til eigin afnota, enda fjölbætt vinnutæki í meira lagi og með óþrjótandi möguleika.

FRETTABLAÐIÐ/VILHELM

Eigin herra á einum með öllu

Það eru ekki bara stórir verktafar sem þurfa dugandi vinnuvélar. Hinn almenni borgari þarf einnig sín tæki og tól til að vinna verkin heima og að heiman.

„Það er afar algengt og verður æ algengara að litlir verktafar sem og skógræktarbændur og landeigendur með sumarhús kaupir sér litlar gröfur frá tonni upp í 1.700 kíló,“ segir Ragnar Jónsson, sölufulltrúi og ráðgjafi hjá Þór hf. í Ármúla 11.

„Þá er einnig mikið um að þeir sem eru í minni umsvifum, með lítil fyrirtæki eða þeir sem stunda einhvers konar landyrkju og uppbyggingu í sveitinni sinni kaupir sér litla traktora, sem eru með ámokstur-tæki að framan og gröfu að aftan. Slíkir traktorar eru einkar hentugir sumarhúsa-eigendum sem geta þá með traktornum rutt snjó úr hlaði sínu og heimtröð án þess að kalla eftir traktor bóndans á næsta bæ, ásamt því að grafa fyrir sínum eigin staurum, grafa sína eigin skurði og holur fyrir trjágróður og annað sem til fellur,“ segir Ragnar, en umræddir traktorar eru af gerðinni Kubota.

„Kubota er japanskt merki og einn stærsti framleiðandi mini-tractora í heiminum. Þeir gera

allt sitt vel og við teljum okkur heppna að selja svo góða vöru. Við fáum aldrei notaðar vélar inn frá Kubota en heyrum af 25 ára gömlum tækjum sem enn eru í fullu fjöri,“ segir Ragnar um þetta undratól sem gerir eigendum kleift að vera sinn eigin herra.

„Þetta eru dugandi traktorar og rúmlega það. Í þeirri stétt sem við köllum skógræktarbændur, og er mun stærri en nokkurn grunar, er orðið algengt að menn vilji geta slegið grasið á traktornum. Þá er hægt að setja sláttuvél undir traktorinn og einnig má setja á hann áburðardreifara, ásamt því að velja um hvort hús sé á honum eða ekki. Þetta er alhliða, sterkt og fjölbætt vinnutæki sem við höfum selt í miklum mæli til allra bæjarfélaga og menn komast fljótt að raun um að þeir hafi keypt traktor sem getur allt. Það gleymist nefnilega stundum að með minni tækjum má gera það sama og með stórum tækjum, utan hvað það tekur aðeins lengri tíma, en þeir sem kaupa sér mini-tractora hafa þann tíma fyrir sér og njóta þess að vinna á þessum frábæru vinnuvélum.“

Verð á Kubota mini-tractorum er frá 1,5 til 3 milljóna króna. Verð fer eftir stærð og hestöflum en traktorarnir fást í frá 22 upp í 40 hestöfl.

thordis@frettabladid.is



● MIKIL BYRÐI Líklega hefur þessi flutningabíll fengist við þyngri byrðar í gegnum tíðina en þá sem sést á þessari mynd.

FRUMKVÖÐULL OG ALLTAF Í FORYSTU

Ísmar er leiðandi fyrirtæki í sölu og þjónustu á Spectra Precision Laser fyrir húsbýggjendur og jarðverktaka. Með því að velja fagaðila ertu kominn í fremstu línu hvað varðar hagræðingu og aukin afköst á vinnustað.

Búnaður í öllum verðflokkum – Fyrir alla verktaka og iðnaðarmenn

ÍSMAR
Síðumúla 28 | 108 Reykjavík
Sími 510 5100 | ismar@ismar.is

SPECTRA PRECISION LASER

LEIÐANDI TÆKNI • TRAUST ÞJÓNUSTA • ÖRUGG VERKLOK

WWW.TRIMBLE.COM/SPECTRA ISMAR hf., Síðumúla 28, 108 Reykjavík, Sími 510-5100 Fax: 510-5101 © Copyright 2007 Trimble Navigation Limited. All rights reserved. CI-02415 (01/07)

CITROËN

Berlingo Van 1,4 75 hð. 6 dyra 5 girar*
Verð með vsk. 1.649.000 kr.
Verð án vsk. 1.324.477 kr.
Fjármögnunarleiða: 20% útborgun, 60 mán.
Mánaðargreiðsla án vsk. 20.163 kr.
Rekstrarleiða 36 mán. og 60.000 km. akstur
Mánaðargreiðsla án vsk. 25.880 kr.

Sjáðu Citroën Berlingo í dag

Fullkomnari fullkomnun

Enn á ný hefur Citroën tekist að bæta fullkomnun. Nú er Citroën Berlingo, sendibíllinn vinsæli, kominn með frábærri nýrri dísilvél. Citroën Berlingo er hagstæður í rekstri. Nýja 1,6 lítra, 92 hestafla dísilvél er bæði kraftmeiri og sparneytnari. Hún er vistmildari en áður enda leggur Citroën mikið að mörkum til þess að bæta umhverfið. Hin öfluga stálhlífðarpanna undir vélinni ver hana vel og getur dregið úr viðhaldi.

Við erum sjálfseisk hjá Citroën
Þær tilfinningar sem fylgja því að hafa tekist að gera enn betur í dag en í gær gefa okkur þann drifkraft sem fyrirtækjaþjónusta Citroën stendur fyrir. Í það minnsta finnst okkur það.

Sjáðu Citroën. Komdu í Brimborg. Kynntu þér nýjungar í Berlingo.

Berlingo Van 1,6 HDI 92 hð. 6 dyra 5 girar*
Verð með vsk. 1.849.000 kr.
Verð án vsk. 1.485.117 kr.
Fjármögnunarleiða: 20% útborgun, 60 mán.
Mánaðargreiðsla án vsk. 22.609 kr.
Rekstrarleiða 36 mán. og 60.000 km. akstur
Mánaðargreiðsla án vsk. 29.125 kr.

**Ný dísilvél. 1,6 HDI, 92 hestafla
Kraftmeiri
Sparneytnari**

Citroën Berlingo

Dæmi um staðalbúnað í Citroën:

- Meiri burðargæta: 800 kg
- Hliðarhurðir beggia vegna með lokunarvörn
- 180 gráðu opnun á afturhurðum
- Topplúga fyrir lengri hluti
- Hiti í sætum
- Rafdrifnar rúður
- Geislaspilari með útvarpi og fjarstýringu við stýri
- Fjarstýrð samlæsing
- Fellanlegt framsæti farþega með borði og geymsluhlófi

Brimborg

Óruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën skilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukri er kaupverð höfð gengi. Nánari upplýsingar veita söluásgafar Brimborgar.



● **MUSTANG ÚR BJÓRDÓSUM** Jack Kirby frá Bandaríkjunum drekkur mikinn bjór. Dósirnar höfðu hrannast upp hjá honum og í stað þess að fara með þær í endurvinnslu eða ruslið ákvað Kirby að endurvinna dósirnar á nýstárlegan máta.

Út fimm þúsund bjórdós-um byggði Kirby sér eftirlíkingu af hinum klassíska Ford Mustang af árgerðinni 1965. Listaverkið er flott á að líta þó að ekki fari sögur af því hvar Kirby ætli sér að geyma gripinn.



Hildur Árnadóttir vörubilstjóri starfar hjá Klæðningu og segir enga fordóma vera gagnvart

Ljóska undir s

Hildur Árnadóttir vissi ekkert hvað hún var að fara út í þegar hún sótti um starf sem vörubilstjóri hjá Klæðningu ehf.

Hildur Árnadóttir er ein fjögurra kvenna sem starfa sem vörubilstjórar hjá Klæðningu ehf. Hún segist hafa hækkað verulega í launum þegar hún fór í starfið og vera vel tekið af karlkyns vinnufélögum.

„Ég kláraði meiraprófið á síð-

asta ári og fór beint að vinna hjá Klæðningu,“ segir Hildur og bætir því við að henni líki starfið mjög vel.

Spurð hvernig henni datt í hug að fara að vinna sem vörubilstjóri, segir Hildur: „Það var stundum stungið upp á því við mig að ég tæki meiraprófið og svo þegar frænka mín fór í þetta úti í Norgegi þá ákvað ég bara að skella mér í þetta líka.“

Hildur segist ekkert hafa vitað út í hvað hún væri að fara þegar

NIPPARTS

N1

VARAHLUTIR

Við bjóðum landsins mesta úrval af viðurkenndum varaahlutum. Þriggja ára ábyrgð er á öllum bílavarahlutum frá N1.

N1 VERSLUN BÍLDHÖFÐA 9 · SÍMI 440 1200

WWW.N1.IS

Ert þú leið(ur) á að skipta um perur?

DÍÓÐULJÓ SIN FRÁ OKKUR ERU:



ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR
GERÐIR VÖRU- OG
FLUTNINGABÍLA



et **BF** VERSLUN

Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844

Ljósín frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...



TRUCK - LITE
Ljósasamlökurnar frá okkur eru:

ÓBRJÓTANDI
HÖGGPÖLNAR
ENDAST OG ENDAST



Þriðja su

Theódór Hansen vélamaður hreinsar upp rusl eftir borgarbúa hvernig sem viðrar.

Theódór ekur um alla borg á nokkurs konar ryksugubíl sem hann segir að sé bara kallaður suga. „Ég fer á henni endanna á milli og hreinsa ruslið af umferðareyjunum, köntunum sitt hvoru megin og hringtorgunum,“ segir hann.

Sex ár eru síðan Theódór byrjaði að vinna á sugu en hann hefur ekki alltaf verið á þeirri sömu. „Þetta er þriðja nýja tækið sem ég fæ og það er alltaf smá breyting á þessu. Þetta er samt alltaf opið svo það fer ekki mikið fyrir miðstöðinni,“ segir hann og hlær.

Þrátt fyrir það er unnið alla daga, sama hvernig viðrar. „Ef að kemur einhver smá snjór á veturna þá er kannski stopp í

Theódór ekur á sugunni út um alla borg til þess að hreinsa upp rusl.



konum í slíku starfi innan fyrirtækisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

týri á vörubíl

hún sótti um starfið. „Svo lærist þetta bara. Ég fer út um allt og það er alveg nóg að gera,“ segir hún og bætir því við að hún sé líka ánægð með launin. „Ég var að vinna á elliheimili áður og hjá Póstinum og ákvað að finna leið til þess að fá hærri laun.“

Hildur vill ekki meina að það séu neindir fordómar gagnvart stelpum í þessu starfi. „Ég hef að minnsta kosti ekki orðið vör við það. Mennirnir hérna eru rosalega góðir við mig, hjálpa mér og segja mér til.

Peir tala líka oft um að þeir séu ánægðir með að fá fleiri stelpur í starfið og þeim er alltaf að fjölga,“ segir Hildur, sem er með merki í glugga vörubílsins sem á stendur „Ljóskan“. „Þetta er bara húmor frá því ég var að byrja í starfinu því þá lenti ég í ýmsum klaufamistöku og var kölluð Ljóskan í kjölfarið. Svo stakk einhver upp á því að ég setti þetta í gluggann hjá mér og ég ákvað að gera það bara og hafa gaman af þessu,“ segir Ljóskan og hlær.

sigidurh@frettabladid.is

gan á sex árum

smá tíma en yfirleitt er þetta alla daga. Þetta er líka eins alla daga, það er ýmislegt sem fellur til, og ekkert meira um helgar en aðra daga,“ segir Theódór.

Theódór er eini starfsmaður Hreinsitækni sem vinnur á sugu

en Hreinsitækni er verktaka-fyrirtæki sem vinnur fyrir Reykjavíkurborg. „Þannig að já, ef að einhver sér mann á ferðinni á sugu, þá er það líklega ég,“ segir hann og hlær.

emilia@frettabladid.is



Jarðýtur

Hjólaskóflur

Jarðvegsvaltarar

Flokkunarskóflur

mest

Vélar & tækja

ÚRVAL VINNUVÉLA OG TÆKJA

Þegar fjárfesta á í vinnuvélum er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum honum allhliða fagþjónustu og tækniráðgjöf varðandi vinnuvélarnar okkar. Hjá MEST fæst mikið úrval véla og tækja, þar á meðal Bomag, Liebherr og Yanmar vinnuvélar.

Láttu þaulreynt fagfólk aðstoða þig.

Hafðu samband við söludeild véla & tækja á Malarhöfða 10 í síma 4 400 540 og aflaðu þér upplýsinga



– allt til bygginga

Malarhöfða 10, 110 RVK

Flytjum allar gerðir vinnuvéla

Fljót og góð þjónusta

KRÖKUR

DRÁTTARBÍLAR

Sími 564 3800
Dalvegi 24 201 Kópavogur Fax 564 3802

Dekk til allra verka

Sólning býður upp á mikið úrval sterkra og endingargóðra

dekkja fyrir flestar gerðir vinnuvéla.

Höfum að auki eitt besta úrval landsins af jeppa- og fólksbíladekkjum.

Sendum hvert á land sem er.

Dráttarvéladekk

Vinnuvéladekk

Vagnadekk



Mastercraft
TIRES

Continental

SÓLNING

Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 544 5000 - Njarðvík, Fitjabraut 12, sími 421 1399
Selfoss, Austurvegur 58, sími 482 2722 - Varahlutaverslun Björns Hellu, Lyngás 5, sími 487 5995

Borað fyrir heitu og köldu vatni

Ræktunarsamband Flóa og Skeiða fékk afhentan nýjan og veglegan bor í júní á þessu ári sem hefur verið við störf fyrir Selfossveitur við Ósabatna við Laugardæli en því verki er nú að ljúka. „Þetta er öflugur bor en holan við Ósabatna var 1.721 metra að dýpt og þar fæst viðbótartvatn fyrir Selfyssinga,“ útskýrir Guðmundur Karl Guðjónsson, verkefnisstjóri hjá Ræktunarsambandinu, en borinn er af gerðinni TXD frá framleiðandanum Schramm í Bandaríkjunum.

„Við pöntuðum í rauninni annan bor sem skemmdist við uppskipun og keyptum þennan í staðinn sem var aðeins stærri. Við eignuðumst síðan borinn sem skemmdist og erum að gera við hann,“ segir Guðmundur. Sam-

bandið á því núna tvo stóra bora sem notaðir verða við ýmis verkefni á næstunni. Guðmundur Karl tekur þó fram að borinn sé langt frá því að vera sá stærsti á landinu, Jarðboranir séu Ræktunarsambandinu þar mun fremri. „Lyftigeta þessa bors nær 100 tonnum en þeir eiga fleiri en einn bor sem ná 200 tonnum og voru að fá einn núna sem er 300 tonn,“ segir Guðmundur. Þeir bora eru notaðir við háhitaholur á Hellisheiði sem Ræktunarsambandið fæst ekki við. Sambandið fæst hins vegar við annars konar boranir. „Við erum að bora fyrir köldu og heitu vatni. Svo gerum við rannsóknarboranir en til dæmis erum við að taka kjarnasýni núna norður í Kröflu á miklu dýpi,“ segir Guðmundur en eitt af verkefnum bora Sambandsins er að bora holur til að steypa í sem undirstöður undir hús og mannvirki.



Borinn er frá framleiðandanum Schramm.



Borinn hífður í land.

Hágæða vörur á góðu verði

auka- og varahlutir fyrir vinnuvélar, tæki og trukka

VARÚÐARLJÓS • LJÓSKASTARAR • DÍÓÐULJÓS • KELSA LJÓSAGRINDUR Á FLESTA VÖRUBÍLA



Webasto olíumiðstöðvar

Þú hitar bílinn áður en þú ferð út í kuldan og þarft aldrei að skafa!

Webasto
Feel the drive

Parlok vörubílabretti úr polyethylen



SV vörubílademparar viðhaldsfrír - mjög sterkir



Ryðfrír kassar



margar gerðir frábært verð

Holland dráttarstólar 25 og 36 tonna • Undirvagnsvarnir með ljósum

Webasto olíumiðstöðvar Parlok vörubílabretti
Varúðarljós, ljóskastarar, díóðuljós Be-Ge vörubíla
og vinnuvélastólar BAWER ryðfrír kassar fyrir vörubíla

Bílasmiðurinn hf
Bíldshöfða 16 | 567 2330

Tækjum fækkar á hálendinu

Risaborinn sem Impregilo fékk til að leggja göng sem leiða vatnið úr lóninu við Kárahnjúka niður í vélar stöðvarhússins í Fljótsdal er með stærstu tækjum sem komið hafa til landsins. Þrír gangaborar voru fengnir til landsins og tveir þeirra eru farnir út aftur að sögn Ómars R. Valdimarssonar, upplýsingafulltrúa Impregilo á Íslandi.

Tækjum á Kárahnjúkasvæðinu hefur fækkað mikið frá því stíflugerðin stóð sem hæst. Listi yfir tæki Impregilo sumarið 2005 hljóðar upp á um 400 vinnuvélar á Kárahnjúkum. Þar fyrir utan var þá fjöldi undirverktaka með sínar græjur á svæðinu. Ómar segir mörg tæki Impregilo hafa verið flutt úr

landi, ýmist seld eða send í önnur verkefni á vegum fyrirtækisins enda sé það með framkvæmdir í öllum heimsálfum nema Suðurskautslandinu. Einnig segir hann talsverða eftirspurn hafa verið eftir vinnuvélunum hér á landi. Aðspurður segir hann afföll af vinnuvélum hafa verið með eðlilegum hætti en ansi margir bílar hafi skemmst enda akstursskilyrði æði snúin við Kárahnjúkaframkvæmdina, bæði ofanjarðar og neðan.

-gun

Risaborinn er með stærstu tækjum sem komið hafa til Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURÐUR ÞÓR SALVARSSON



Titringur er áhættuþáttur á meðgöngu.

Konur og vinnuvélar

Á heimasíðu Vinnueftirlitsins svarar Berglind Helgadóttir, sjúkraþjálfari Vinnueftirlitsins, þeirri spurningu hvort óhollt sé fyrir konur að vinna á loftpressu eða glussavél.

Berglind bendir á að þar sem konur séu almennt minni og veikbyggðari en karlar séu þær líklegri til að verða fyrir álagseinkennum vegna erfiðisvinnu. Á þessu séu þó undantekningar þar sem sumar konur standi körlum jafnfætis hvað styrk og burði varðar. Í raun sé þetta bundið líkamsburði einstaklinga, ekki kyni.

Berglind tekur jafnframt að um barnshafandi konur gildi reglur nr. 931/2000 um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar. Í þeim er tekið fram að titringur er áhættuþáttur á vissum tíma á meðgöngu. Því þurfi að taka tillit til þess við gerð áhættumats í samræmi við reglugerðina.

Nánari upplýsingar má finna á undir liðnum Spurt og svarað á síðunni www.vinnueftirlit.is.

Takk fyrir vatnið

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Réttu vélarnar í verkið!



NEW HOLLAND

Áratuga frábær reynsla af NEW HOLLAND vinnuvélum á Íslandi eru bestu meðmælin!

NEW HOLLAND D150 jarðýta

Cummins Dieselvél sex strokka 150 hö.
LGP Undirvagn, 800 mm spyrnur.
Vökvaskipting undir fullu álagi.
Beygir með fullu átaki á bæði belti.
Fjölskekkjanlegt ýtublað 4000 x 1000 mm.
Ripper 3ja, tanna, veltihús ofl.
Vinnuþyngd vélar er ca.17 Tonn

**Mjög hagstætt kynningarverð!
Til sýnis og prófunar hjá okkur**

Astra "búkollur,,
30 tonna burðargeta með 350 hestafla vél sem er 10 lítra IVECO Cursor með common rail eldsneytiskerfi. ZF skipting 6 þrepa sjálfskiptingu og upphituum palli. Ökumannshús er mjög rúmgott og með góðu útsýni. Upplýsingaskjór sem gefur ökumanni upplýsingar um ástand vélarinnar auk þess að sýna gráðuhalla á pallinum þegar sturtað o.m.fl.



Eigum fyrirliggjandi úrval af stórvirkum vinnuvélum sem og fjölvirkum smávélum - Veldu vél sem hentar þínu verki!



Langendorf
Malavagnar

STURLAUGUR & CO

Fiskislóð 14
101 Reykjavík
Sími. 412 3000
Sölum.New Holland S. 899 5549
www.sturlaugur.is

HANN ER MÆTTUR

Skotbómu-
Lyftarinn
Frá JLG

Lipur
Öflugur
Öruggur



VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfallöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • Fax 580 8210 • velfang@velfang.is



Jón Bogason við Dash 8 beltagröfur sem eru með hinum fullkomnu ECOT3-dísilmóturum sem hann kallar þriðju kynslóðar tækni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

NÝI ÖKUSKÓLINN

Öll vinnuvélaréttindi
Öll ökuréttindi
Skapaðu þér þitt
eigið góðæri



Nýi ökuskólinn **et** húsinu Klettagördum 11
S: 588-4500 www.et.is

Við köllum þetta grænni gröfur

Dísilmótorar af gerðinni ECOT3 eru hannaðir, þróaðir og framleiddir af Komatsu sérstaklega fyrir vinnutæki. Þær vélar sem þeir eru settir í eru búnar sérstöku tölvustýrðu kerfi sem bætir brunann, eykur sparneytni og minnkar mengun af útblæstri verulega.

Jón Bogason er verkstæðisformaður hjá Kraftvélum við Dalveg og hann er fróður um hinar nýju dísilvélar ECOT3. „Þetta er hin svokallaða þriðju kynslóðar tækni í móturum og boðar vissa byltingu rétt eins og þriðja kynslóð farsímanna. Þær byggjast aðallega á reglum sem eru settar fyrir Evrópusambandið varðandi útblástur ökutækja sem tóku gildi um síðustu áramót. Komatsu er meðal fyrstu fyrirtækja til að framleiða svona mótora og er leiðandi í því ásamt auðvitað öðrum. Það er verið að svara kalli tímans um minni eldsneytiseyðslu.“


Helstu kosti nýju ECOT3-dísilvélna segir Jón betri og jafnari bruna. „Það er betri stýring á því hvernig eldsneytið fer inn á kerfið en í eldri dísilvélum. Síurnar fyrir eldsneytið þurfa að vera sérlega fínar og góðar. Allt er orðið tölvustýrt fyrir þessar dísilvélar. Þær eru til dæmis með sjálfvirkri bilanaleit og viðhaldsgát. Þær eru líka orðnar hljóðlátari en þær

voru. Það er orðin betri einangrun og lægri snúningshraði.“

Jón segir að byrjað hafi verið að flytja vinnuvélar með þessum nýju dísilvélum inn í maí í fyrra. Eingöngu hafi þá verið um svokallaðar Dash 8 beltagröfur að ræða sem nú séu komnar um allt land. „Ætli það sé ekki búið að flytja inn einar áttatíu Dash 8 beltagröfur sem eru við störf í helstu framkvæmdum á landinu,“ segir hann.

Jón segir að þótt nýju dísilvélnar hafi byrjað í beltagröfunum þá færast þær yfir sviðið allt. „Þetta er þróunin í öllum Komatsu-vélum.

Byrjuðu í beltagröfum og eru nú komnar yfir í aðrar típur og gerðir eins og



Hinar nýju ECOT3-dísilvélar er með hljóðlátara loftinntaki og kæliviftu en gömlu vélarnar. Því hefur hljóðstyrkur frá dísilvélinni í fullri vinnslu minnkað verulega.

trukka, jarðýtur og hjólaskóflur,“ lýsir hann. „Komatsu er leiðandi í því að koma með eins sparneytna mótora og hægt er. Þegar menn eiga mikið af tækjum og tólum þá munar verulega um tíu prósentu sparnað á eldsneyti. Þarna er líka verið að minnka mengunina. Þess vegna köllum við þetta grænni gröfur. Við erum ekki að planta trjám á móti eins og sumir gera en reynum að vera umhverfisvænir.“

gun@frettabladid.is



... ekki bara legur !!

DRIFKEÐJUR

VERKFÆRI

REIMAR

ÁSTENGI

TANNHJÓL

REIMSKÍFUR

**KLEMM-
FÓÐRINGAR**



LANDVÉLAR

Smiðjuvegi 66 - 200 Kópavogi
www.landvelar.is S. 580 5800




STRAUMRÁS

Furuvellir 3 - 600 Akueyri - S. 461 2288

Sjáumst í vetur!

- ENDURSKIN, ÖRYGGI, ÞÆGINDI



Þægileg vetrarvinnuföt með endurskini.
Hlý og hrinda frá sér óhreinindum og
raka en anda vel.
Besti kosturinn á köldum vetrum.

DYNJANDI

allt fyrir öryggið

Skeifunni 3 - Sími: 588 5080 - dynjandi.is

Sérmerkjum fatnað og sendum hvert á land sem er.

allan sinn hlut í Finnish Venture Capital og stofnaði sitt eigið fjárfestingafélag, Nordic Partners, ásamt Lettanum Daumants Vitols, sem enn á í félaginu.

Í ÁHÆTTUSÖMU LANDI – EÐA HVAD?

Um svipað leyti voru tækifæri að opnast í löndunum við Eystrasalt. Sovétríkin hernámu Lettland, Eistland og Litháen í seinni heimsstyrjöldinni og lutu þau stjórn Rússa allt fram til ársins 1991 þegar þau fengu sjálfstæði. Við brotthvarf Rússa fengu stjórnvöld landanna í hendurnar mörg ríkisfyrirtæki, sem áður höfðu verið undir stjórn rússneska Kommúnistaflokksins með einum eða öðrum hætti, ríkisbákn sem þjónuðu stjórnvöldum í Moskvu í flestu; jafnvel mátti líta á löndin sem iðnframleiðslulendur Rússa. Stjórnun fyrirtækjanna var mjög ábótavant að mörgu leyti, ekki síst eftir að nánnum tengslum við Rússa var rift.

Stjórnvöld í Lettlandi ákváðu að leita til ýmissa aðila um enduruppbyggingu landsins í kjölfar sjálfstæðis. En hugur manna var hins vegar blendinn hvað fjárfestingar þar varðaði enda nokkuð ótryggur farvegur þar austur frá eftir áratuga stjórn Sovétmanna.

Árið 1996 ákváðu stjórnvöld að einkavæða nokkur fyrirtæki í eigu ríkisins. Eitt þeirra var plastfyrirtæki, sem stofnað var árið 1966 og mundi fífil sinn fegurri þegar kom að einkavæðingunni. Þegar best lét árið 1969 störfuðu 1914 starfsmenn í verksmiðjunni og nam framleiðslugetan þrettán þúsund tonn af ýmiss konar plastvörum til iðnaðar á ári. Nær öll framleiðslan, í kringum 90 prósent, var hins vegar flutt til Sovétríkjanna sálugu fyrstu árin. Mjög dró hins vegar úr framleiðslunni eftir því sem árin liðu, ekki síst sökum hrávöruskorts í kringum 1980 og þegar Lettar fengu sjálfstæði frá Rússum, en þá lokuðust markaðir austantjalds. Fjölda starfsfólks var sagt upp og var reksturinn vart svipur hjá sjón þegar ákveðið var að einkavæða. Starfsmenn voru 213 árið 1996 og framleiðslugetan einungis tíu prósent af því þegar mest lét tæpum þrjátíu árum fyrr.

Félag Nordic Partners í Lettlandi, Nordic Industries, átti besta tilboðið í einkavæðingarferli verksmiðjunnar fyrir rétt rúmum áratug, í byrjun árs 1997. Þetta voru jafnframt fyrstu viðskipti Nordic Partners í Lettlandi. Við tók mikil endurskipulagning á rekstri verksmiðjunnar, sem var skipt upp í einingar og hámarksnýtingu náð með þeim hætti. Einkavæðingunni lauk svo að fullu um aldamótin.

Gísli segir marga hafa talið það fávíska hjá sér í upphafi að leggja mikið undir í Lettlandi. Fjárfestingarnar þóttu áhættusamar og fékkst lítið lánsfé til fjárfestinga. Gísli þurfti því að leggja til eigið fé í fjárfestingar, ásamt því sem aðrir lögðu í púkkið. Þeir sem fjárfestu með Nordic Partners í upphafi hafa nú selt sinn hlut á margföldu verði, að sögn Gísla. „Mér leið vel í Lettlandi og er þar enn,“ segir hann og bendir á að Lettar séu harðduglegt fólk upp til hópa sem hafi lagt mikið á sig til að komast upp úr þeirri örbirgð sem fylgdi Sovétríkjunum og lagt mikið á sig til að verða fullgildir Evrópuborgarar. „Það var eiginlega upplausnarástand eftir að þeir [Lettar] losnuðu undan Sovétmönnum og urðu sjálfstæð þjóð,“ segir Gísli, sem um nokkurra ára skeið hefur haldið lögheimili sitt í Riga auk þess að halda annað heimili á höfuðborgarsvæðinu hér á landi.

IÐNGARÐAR LÖGÐU GRUNNINN

Starfsemi Nordic Partners í Lettlandi hefur vaxið talsvert frá fyrstu fjárfestingunni þar í landi fyrir áratug.

Fyrstu fjárfestingar Nordic Partners í Lettlandi á eftir kaupum á plastverksmiðjunni voru í nafni dótturfélagsins Nordic Properties sama ár og plastverksmiðjan var einkavædd fyrir rúmum tíu árum. Nordic Properties kaupir og heldur utan um uppbyggingu og rekstur iðn- og viðskiptagarða víða um Lettland. Stundum eru gömlum verksmiðjum breytt í iðn- og viðskiptagarða og skrifstofuhúsnæði en í öðrum tilfellum lóðir keyptar og garðarnir byggðir frá grunni. Plastverksmiðjan gamla er dæmi um það en hún er í grunninn fyrsti iðngarðurinn sem reis í nafni Nordic Properties í Lettlandi.

Garðarnir eru nú einir átta talsins, tveir í Riga og sex í öðrum borgum. Hinn stærsti er um 110 þúsund fermetrar en sá minnsti rúmír

40 þúsund fermetrar. Samtals nemur rýmið innan þeirra heilum 600 þúsund fermetrum. Fyrirtæki í skyldum rekstri leigja aðstöðu í görðunum en Nordic Properties útvegar alla þá þjónustu sem hægt er bjóða upp á, allt frá símtengingu og þrifum til öryggisgæslu. „Við vorum fyrstir til að reisa svona garða í Lettlandi en rekstur þeirra hefur tekist mjög vel,“ segir Gísli.

SÚKKULAÐI OG ÖNNUR SÆTINDI

NP Confectionary er hins vegar móðurfélag dótturfélaga sem halda utan um stóra og oft á tíðum ráðandi hluti í ýmsum þekktum matvælafyrirtækjum sem áður voru í eigu hins opinbera í Lettlandi.

Fyrsta fyrirtækið sem féll í skaut fjárfestingafélagsins var Staburadze, einn stærsti köku-, kek-, sælgætis- og sætabrauðsframleiðandi Lettlands, sem stofnað var árið 1910. Þetta var árið 1999. Ári síðar festi félagið svo kaup á Laima, tæplega 140 ára súkkulaðiframleiðanda sem nýtur talsverðar virðingar í Lettlandi. Það hafði verið einkavætt fjórum árum áður en það féll undir fyrirtækjahatt Nordic Partners. Á eftir fylgdu drykkjarvörfyrirtækið Gutta árið 2001, litháíska samlokufyrirtækið Margirtis og pólski kekframleiðandinn Lider Artur ásamt hlutum í smærri fyrirtækjum. Við fyrirtækjahópinn hafa svo bæst önnur minni, bæði í Lettlandi og hér á landi, en Nordic Partners rekur auk þess tvær hafnir í Lettlandi, á lítinn hlut í færeysku fiskvinnslufyrirtæki og rekur sælkeraverslanirnar Fiskisögu, Gallery Kjöf og Ostabúðina. Þá er flugfélagið IceJet ótalið, sem sett var á laggirnar fyrr á þessu ári.

En aftur að Lettlandi: Fyrirtækin þar stöðu öll á gömlum merg og nutu mikillar virðingar þegar stóð til að selja þau. Talsvert uppnám varð í Lettlandi þegar tilkynnt var um viðskiptin, að sögn Gísla. „Laima stóð Lettum nærri og þeim sárnaði að sjá fyrirtækið komast í hendur erlendra aðila á sínum tíma. En reksturinn, sem var í höndum Letta, gekk ekki vel. Ég var hins vegar búinn að koma mér upp góðu stjórnendateymi, meirihlutinn Lettar auk nokkurra Rússa og Pólverja, sem tóku við fyrirtækinu,“ segir Gísli og bætir við að stefna Nordic Partners hafi verið sú að láta heimamenn í stjórnendastöður flestra þeirra fyrirtækja sem félagið tók ráðandi stöðu í fremur en útlendinga. „Allir okkar stjórnendur eru ýmist Danir, Lettar, Eistar, Pólverjar eða Rússar, fólk sem við höfum verið heppnir með. Þetta er gott fólk,“ segir hann og bendir á að yfirmaður matvæla- og drykkjarvörusviðs Nordic Partners sé Letti sem hafi unnið hjá félaginu frá upphafi, eða í áratug. „Sá er með alþjóðlega MBA-gráðu og hefur mikla reynslu en hann hafði áður unnið hjá bæði Pepsi og Coca Cola í Lettlandi og hjá öðrum alþjóðlegum fyrirtækjum,“ segir Gísli til að undirstrika það að fyrirtækin séu í góðum höndum.

Kaupverð á Staburadze, Laima og Gutta var ekki gefið upp á sínum tíma. Og Gísli heldur dulúðinni við. Hann gefur upp fáar sem engar tölur, helst engar ef því er að skipta enda Nordic Partners einkahlutafélag.

Spurður um eiginfjárstöðu félaga undir fyrirtækjahattinum í Lettlandi segir Gísli hana standa í tveggja stafa tölu. Fyrirtækin hafi hins vegar skuldað lítið þegar Nordic Partners hafi komið til sögunnar en það sé ákveðið vandamál. „Engum bönkum datt í hug að lána fyrirtækjum í Austur-Evrópu, ekki nema til sex mánaða á háum vöxtum. Þess vegna datt engum heilvita manni í hug að taka lán í Lettlandi,“ segir Gísli. Lág ef engin skuldastaða fyrirtækja undir hattí Nordic Partners hefur leitt til þess að mikið fé hefur færst inn í bækur eignarhaldsfélagsins. Það hafi verið nýtt með ýmsu móti, svo sem með endurnýjun á tækjakosti og margvíslegri uppbyggingu, eins og byggingu nýrra verksmiðja í Lettlandi og til fyrirtækjakaupa. Gísli bendir þó á, að samkvæmt mati á eignastöðu fyrirtækisins liggja heildareignir þess í um 65 milljörðum króna. „Við höfum ákveðið að gefa ekkert meira upp

um það í bili hver skiptingin er á milli einstakra félaga,“ segir hann. „En við höfum mikið fjárhagslegt bolmagn til að vaxa hratt á traustum grunni.“

Bæði Staburadze og Laima voru skráð í Kauphöllina í Riga áður en Nordic Partners festi sér félögin. Þau voru afskráð í kjölfarið

enda tilgangurinn að ná fullri stöðu í fyrirtækjunum. Þær áætlanir gengu hins vegar ekki eftir, að sögn Gísla. „Það var bæði erfitt að ná í gamla hluthafa fyrirtækisins sem áttu litla hluti í félögunum og svo voru aðrir sem töldu það ekki svara kostnaði að selja bréfin.“

VONIN Í AUGUM FÓLKS

Nordic Partners flutti höfuðstöðvar sínar frá Lettlandi til Íslands fyrir þremur árum. Starfemin ytra hefur hins vegar vaxið mikið upp á síðkastið og stefnir félagið nú að því að reisa nýjar höfuðstöðvar í gömlu miðborginni í Riga síðar á árinu. Þar er nú þegar teymi, sem skoðar nýja fjárfestingamöguleika félagsins. Þetta er í samræmi við stefnu Nordic Partners, sem ætlar að nema ný lönd í Austur-Evrópu á næstunni. Gísli segir landið framandi stað: „Við viljum enn sem komið er ekki gefa upp hvaða land það er. En það tilheyrði eitt sinn Sovétríkjunum sálugu. Við höfum horft í kringum okkur þar og fjárfest í fyrstu fasteigninni. Það er spennandi land með mikla möguleika og er að koma sterkt inn,“ segir Gísli og bætir við að Nordic Partners sé þegar með starfsemi þar, í litlum mæli þó.

Gísli segir markaði í Austur-Evrópu batna með hverju árinu. Kaupmáttur þar hafi aukist mikið og þróunin sé mikil. „Það eru geysilega mikil tækifæri í Austur-Evrópu, þetta er jú okkar helsta fjárfestingasvæði,“ segir Gísli og leggur áherslu á að fjárfestingar í nýjum löndum minni hann á spennuna og gleðina þegar Nordic Partners steig fyrst niður fæti í Lettlandi. „Það blundar alltaf í okkur hvað það var gaman fyrstu árin. Það var mikið ævinþyrir og gaman að hafa smá búið í nýju landi,“ segir hann og bendir á mikilvægi þess að hafa bæði gaman af viðfangsefnunum án þess að missa framsýni á markaðinn. „En það þarf líka úthald. Stærsta áhættan sem felst í því að fara inn á markað í þróun, ekki síst þá markaði sem komu undan Sovéttalokkinni, er tíminn. Það þarf tíma til að horfa á kaupmátt aukast og innviði samfélagsins taka á sig mynd. Það gerðist á ótrúlega stuttum tíma í Lettlandi og hinum Eystrasaltslöndunum,“ segir hann en Lettar gengu í Evrópusambandið árið 2001 og hafa fastengt gjaldmiðil sinn við evruna.

Gísli bendir sömuleiðis á að margir hafi séð tækifæri þar þegar löndin fengu sjálfstæði og nýtt sér það. En aðrir þorðu ekki að snerta á tækifærunum, töldu markaðinn of áhættusaman. „Þeir sögðu ástandið verða að batna og töldu það ekki tilbúið fyrr en barnabörn þeirra væru komin á aldur,“ segir hann og hristir höfuðið enda ljóst að þegar barnabörn komi til verði mörg tækifæri runnin þeim úr greipum. „Það sem ég sá fyrst í Lettlandi var í augunum á fólkinu. Það var einbeitt, með kraft og hafði staðfasta trú á að það gæti komið sér í samfélag Evrópuþjóða,“ segir Gísli og leggur áherslu á að saga Letta sýni að þar blundar rík lýðræðistilfinning. Nokkuð sem ekki var til staðar í Rússlandi. „Enda hafa flestar vonir fólks hafi gengið eftir; kaupmáttur hefur aukist ótrúlega hratt og innviðir styrkst hraðar en margir áttu von á eftir að landið varð sjálfstætt,“ segir hann og bendir á að Lettar muni flestir vel eftir stuðningi Íslendinga þegar þeir börðust fyrir sjálfstæði sínu. Víða megi því finna fyrir góðum hug í garð Íslands í löndunum við Eystrasalt.

„Og nú búum við [Nordic Partners] að því að hafa keypt í Lettlandi þegar enginn annar þorði,“ segir Gísli.



Höfuðstöðvar Nordic Partners

Dótt meginhluti starfsemi Nordic Partners sé í Eystrasaltsríkjunum, sérstaklega í Lettlandi, og í Danmörku hafa höfuðstöðvarnar verið hér á landi undanfarin þrjú ár. Skrifstofur móðurfélagsins eru í um aldagömlu húsi við Suðurgötu 10 en flugfélagið IceJet í bakhúsi.

Höfuðstöðvar Nordic Partners við Suðurgötuna voru endurnýjaðar að fullu áður en félagið flutti inn í húsið fyrir þremur árum. Gangskör var gerð að því að láta húsið verða sem upprunalegast. Í því augnamiði var grafið fyrir um sögu hússins og það málað að utan í svipuðum lit og notaður var upphaflega.

Innandýra upplifa gestir sannkallaða veislu fyrir augað en þar úir og grúir af listmunum, málverkum og einkar fallegum húsgögnum í bland við tölvukost af nýjustu gerð, jafnvel samskiptatækjum sem þekkjast enn sem komið er ekki í Vestur-Evrópu. Talsvert safn málverka er á skrifstofum Nordic Partners, jafnt eftir íslenska málara sem erlenda, ekki síst frá Lettlandi. Þá eru þar nokkur verk eftir Paulis Postazs sem er rétt rúmlega þrítugur letneskur listmálari. Gísli hefur mikið dálæti á Postazs og segir hann mikinn snilling. Gísli á safn málverka eftir Postazs bæði á heimilum sínum hér heima og í Lettlandi. Hann er kunnugur málaranum unga, sem var annar nemandinn til að útskrifast með meðaleinkunnina 10,0 úr listaháskóla í Riga í Lettlandi fyrir sjö árum.



INNANDÝRA Á SUÐURGÖTUNNI Allt innvolsið í Suðurgötu 10 var endurnýjað eftir að Nordic Partners festi sér húsið. Glöggir lesendur taka eflaust eftir að Jón Sigurðsson, oft kallaður forseti, fylgisti grannt með því sem fram fer innandýra.

MARKAÐURINN/ANTON

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Skynsamleg nýting tækifæra er leiðarljósið.

Viðskiptaráð er sprækur öldungur

Hafliði Helgason

Markaðurinn, viðskiptablað Fréttablaðsins, hefur nú komið út vel á þriðja ár, en hann varð til sem rökrétt framhald af vaxandi viðskiptaumfjöllun blaðsins á miklu breytingaskeiði í athafnalífi landsins.

Þær breytingar sem orðið hafa í viðskiptalífinu síðustu fimm ár eru ótrúlegar og hafa markað djúp spor í samfélagið. Vegna framsýni og frjálshyðis hefur tekist að opna heim endalausra tækifæra sem okkar er að nýta til framtíðar.

Það er vel þekkt að fólk og jafnvel heilu þjóðirnar hafi „brotist“ frá allsnægtum til örbirgðar, ef svo má að orði komast. Það er því ekki sjálfgefið að núverandi velsæld verði ríkjandi um aldur og ævi. Það verður eins og ávallt að mestu undir okkur sjálfum komið.

Viðskiptaráð Íslands hélt upp á 90 ára afmæli sitt á mánudag. Meðal þess sem gert var í tilefni dagsins var að gefa út 90 ráð Viðskiptaráðs til stjórnvalda. Ráð sem eru gefin af þeim góða hug að þau megi verða til þess að tækifæri framtíðar verði nýtt.

Undanfarin ár hafa verið krefjandi á margan hátt fyrir samtök eins og Viðskiptaráð. Eignabreytingar og kynslóðaskipti hafa reynt á samskiptin á tímum þegar lykileignir í viðskiptalífinu hafa skipt um hendur.

Förysta Viðskiptaráðs á þessum tíma hefur borið gæfu til að halda sig við meginreglur og skýra sýn á framtíðina. Það hefur verið gæfa ráðsins og gert það að verkum að á það er hlustað og innlegg þess í samfélagsumræðunni er metið.

Ýmsar hugmyndir ráðsins hafa talist nokkuð róttækar þegar þær voru settar fram, en margar hafa unnið sér sjálfsagðan sess síðar. Fróðlegt var að heyra Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra taka undir flatskattahugmyndir ráðsins. Ljóst er að Björgvin hefur á stuttum tíma sýnt dýpri skilning á hagsmunum viðskiptalífsins en margir áttu von á. Hann hefur ekki látið teyma sig í jafnvægislausu umræðu pólitískra stundarhagsmuna, heldur haldið sig við mikilvæg megin-sjónarmið sem eru til þess fallin að skapa langtíma farsæld.

Ég hef átt þess kost undanfarin ár að fylgjast með þróun viðskiptalífsins og notið þeirra forréttinda að fjalla um þau, en hverf nú til annarra starfa. Markaðurinn mun framvegis lúta nýjum ritstjóra og sömu öflugri áhafnarinnar. Góðir hlutir eru aldrei eins manns verk og við þessi tímamót er vert að þakka öllu því frábæra fólki sem skapað hefur blaðið og gert það að vönduðum og marktækum fjölmiðli.

eggert@markadurinn.is | hafliði@markadurinn.is | holmfríður@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is

MARKAÐURINN

Einfalt mál

Hafliði Helgason í hádegisfréttum Stöðvar 2 kl. 12:12 alla virka daga



Bætt heilsa fátækra

ORD Í BELG

Jeffrey Sachs
hagfræðiprófessor
og stjórnandi
Earth Institute við
Columbia-háskóla
í Bandaríkjunum.

©PROJECT SYNDICATE



PREKVIRKI UNNIN Á INDLANDI

Að sama skapi hefur herferð sem alþjóðasamtök Rotary og samstarfsaðilar standa fyrir nær því útrýmt lömunarveiki á Indlandi. Lömunarveikilífelli sem upp koma á ári hverju eru nú talin í hundruðum, en voru talin í tugum þúsunda þegar herferðin hófst. Jafnvel í afskekktustu kimum heimsins, svo sem í fátækum héruðum Norður-Indlands, næst árangur í baráttunni.

Á Indlandi er líka margt fleira gott gert með hinu stórmerkilega Átaki um bætt heilsu í dreifbýli (eða *National Rural Health Mission - NRHM*), en það er umsvifamesta heilbrigðisáttak sem gripið hefur verið til í heiminum. Nýlega voru fimm hundruð þúsund ungar konur ráðnar til að vera tengiliðir milli heilbrigðisstofnana, sem verið er að byggja upp og lagfæra, og fátækra heimila. Konunum er einnig ætlað að bæta aðgengi kvenna að fæðingarghjálp í neyðartilvikum til þess að draga úr dauðsföllum barna í fæðingu, og öllum þeim þjáningum sem þeim fylgja.

Þá hefur á Indlandi mikið unnið með heimahjálp fyrstu dagana eftir fæðingu. Enn sem komið er deyjá allt of mörg kornabörn af völdum sýkinga, vandkæða við brjóstgjöf, eða af öðrum orsökum sem einfalt ætti að vera að fyrirbyggja. Með námskeiðum fyrir heilbrigðisstarfsfólk í byggðarlögunum sjálfum hefur með NRHM-átakinu náðst að draga með afgerandi hætti úr ungbarnadauða í indverskum þorpum.

SLEGID Á SÖGUSAGNIR

Árangur þessara þriggja hjálparstofnana sem nefndar eru hér að ofan hrekja allar lífseigar ranghugmyndir um fátækt. Sú fyrsta er að sjúkdómsáþjárn sé nokkuð sem ætíð fylgi fátækt og ekki verði undan henni verði komist, og því hljóti fátækt fólk að veikjast og deyjá fyrir aldur

fram. Staðreyndin er hins vegar sú að vitað er hvaða sjúkdómar verða einkum fátækum að aldurtíla og hægt er að koma í veg fyrir þá að mestu og lækna með litlum tilkostnaði. Ekkert afsakar milljónir dauðsfalla af völdum malaríu, alnæmis, berkla, lömunarveiki, mislinga, niðurgangs eða öndunarfarærasjúkdóma. Ekkert afsakar ungbarnadauðann eða hversu margar konur deyjá af barnsförum.

Önnur ranghugmyndin er sú að aðstoð frá ríkari þjóðum fari ætíð til spillis. Rökvilla þessi er svo oft endurtekin af fávísium leiðtogum auðugra landa að úr er orðin meiriháttar hindrun í vegi framfara. Hinir ríku vilja nefnilega kenna þeim fátækari um. Að hluta til er það til þess að fría sig ábyrgð og að hluta vegna þess að þau veður með þeim tilfinningu fyrir siðferðilegum yfirburðum. Fátæku löndin eru hins vegar vel fær um að koma hratt á fót og fylgja eftir heilbrigðisáætlunum fái þau til þess aðstoð. Nýlega unnið sigar á þessu sviði eru til komnir vegna þess að fátæku ríkin hafa aukið framlag sitt til heilbrigðismála og fengið þar að auki hjálp frá ríkari löndum.

Þriðja sögusögnin er sú að aðstoð við fátæka auki á vandann vegna fólksfjölgunar. Ástæðan fyrir því að fólk í vanþróuðum löndum eignast mörg börn (að meðaltali fimm börn hver kona) stafar að hluta til af því hve ungbarnadauðinn er mikill og fæðingum fækkar yfirleitt þegar fólk getur verið viss um að börn þess vaxi úr grasi. Niðurstaðan er að það hægir á fólksfjölgun.

Tími er til kominn að standa við almenna skuldbindingu á heimsvísu, að allir, jafnt efnadir sem fátækir, eigi að hafa aðgang að grunnheilbrigðisþjónustu. Ekki þyrfti nema 0,1 prósent af tekjum efnameiri þjóða í nauðpurfta heilbrigðisþjónustu fyrir fátæka til þess að auka lífslíkur, draga úr barnadauða, bjarga mæðrum sem annars hefðu látið af barnsförum, hægja á fólksfjölgun, og efla efnahagsframfarir í fátækum ríkjum öllum.

Sögum af velgengni verkefna á heilbrigðissviði í fátækum löndum fjölga ört. Miðað við hinn litla tilkostnað en gríðarlegan ávinning af því að styðja við slík verkefni, er á engan hátt hægt að afsaka aðgerðaleysið.

Lífslíkur fólks í hinum auðugri löndum eru nú 78 ár, en 51 ár í þeim löndum sem skemur eru á veg komin. Í sumum Afríkurlíkum þar sem alnæmi er landlægt fara almennar lífslíkur fólks svo allt niður í 40 ár. Af hverjum 1.000 börnum sem fæðast í ríkari hluta heimsins deyjá sjö fyrir fimm ára afmældisdaginn sinn. Í fátækustu hlutum heimsins deyjá 155 börn af hverjum þúsund áður en þau ná fimm ára aldri.

Dauðsföll þessi eru ekki bara mannlegur harmleikur, heldur bera þau jafnframt með sér skakkaföll í efnahagsþróun, því með þeim dregur markvisst úr hagvexti og löndin sem um ræðir festast enn kyrfilegar í neti fátækta. Hjálparstarf víða um heim hefur sýnt fram á að draga má skarpt úr veikindum og fjölda dauðsfalla hjá hinum fátæku með markvissri fjárfestingu í almennri heilbrigðisþjónustu.

FLUGNANET BJARGA MIKLU

Fyrir tilstilli alþjóðasjóðsins *Global Fund to Fight AIDS, Tuberculosis, and Malaria* hafa hin síðustu ár unnið stórir sigrar. Sjóðurinn, sem stofnaður var fyrir sex árum, hefur veitt fé til rúmlega 130 landa með það fyrir augum að styrkja heilbrigðiskerfi þeirra í baráttunni við sjúkdómana banvænu: alnæmi, berkla og malaríu. Frá stofnun hefur Global Fund komið alnæmislyfjum, með aðstoð ýmissa hjálparstofnana, til um það bil einnar milljónar Afríkubúa. Einnig hefur fé verið veitt til að dreifa um 30 milljónum flugnana í baráttunni við malaríu og stutt hefur verið við lækni meðferðum um tveggja milljóna berkla-sjúklinga.

Hefta má með markvissum hætti útbreiðslu malaríu með því að sofa undir flugnaneti, nota skordýraeitur innanhúss og með því að koma lyfjum til þorpa þar sem malaría er landlæg. Ríkisstjórn Keníu dreifði í fyrria á tveimur dögum meira en tveimur milljónum flugnana. Sambærilegri fjöldadreifingu hefur verið beitt í Eþíópíu, Rúanda, Tógó, Nígíeríu, Gana og víðar. Árangurinn er svo góður að furðu veður. Fátæka fólkið notar netin rétt og það snardregur úr malaríu.

Með námskeiðum fyrir heilbrigðisstarfsfólk í byggðarlögunum sjálfum hefur með NRHM-átakinu náðst að draga með afgerandi hætti úr ungbarnadauða í indverskum þorpum.

UM VÍÐA VERÖLD

Áhrifin að koma í ljós

Guardian | Ljóst þykir að erfiðara aðgengi að fjármagni í skugga óróleika á fjármálamörkuðum í kjölfar mikillar vanskilaukningar á annars flokks fasteignalánunum í Bandaríkjunum er að skila sér í bækur banka og fjármálafyrirtækja nú um stundir. Bandaríski fjárfestingabankinn Lehman Brothers fyrstur banka þar í landi til

að skila inn uppgjöri sínu. Þar kemur fram að tekjur bankans á öðrum ársfjórðungi hafi numið 916 milljónum dala, jafnvirði 59,8 milljarða íslenskra króna, samanborið við 887 milljónir dala á sama tíma í fyrria. Breska dagblaðið **Guardian** segir í gær að samdrátturinn sé að langmestu tilkominn vegna verðlækkunar á eignasafni bankans sem snýr að fasteignamarkaði. Blaðið bendir hins vegar á að svo virðist sem önnur starfsemi bankans hafi ekki orðið fyrir skakkaföllum. Fleiri bandarískir bandarískir skila inn uppgjörum í vikunni. Talið er næsta víst að vögunarsjóðir þeirra hafi ekki komið vel undan óróleika á fjármálamörkuðum, að mati **Guardian**.

Góð auglýsing

Fortune | Alan Greenspan, fyrrum seðlabankastjóri Bandaríkjanna, hefur farið stórum upp á síðkastið og hreytt í velfesta ráðamenn í Bandaríkjunum og bankakerfinu vegna óróleika á fjármálamörkuðum og vanskila á fasteignalánunum. Greenspan, sem vermdi seðlabankastjórnastóllinn í tæpa tvo áratugi, hefur haldið því á lofti að óráð væri að lækka stýrivexti vestanhafs nú um stundir líkt og fjármálaheimurinn hafi farið fram á. Slíkt muni einungis opna dyrnar fyrir ódýrt fjármagn og auka kaupmátt til muna sem muni leiða til svimandi verðbólgu. Greenspan hefur á móti sjálfum verið gefið að sök að verða við öllum harmkvælum fjárfesta og koma til móts við erfiðleika þeirra með lækkuðum stýrivaxta. Bandaríska vikuritíð **Fortune** bendir á í vikunni að Greenspan, sem gaf út ævisögu sína fyrir skemmstu, hefði vart getað fengið betri auglýsingu fyrir bókina en nú um stundir þegar seðlabankastjóri stendur nú frammi fyrir því að þurfa að lækka stýrivexti talsvert á næstunni vegna hættu á samdráttarskeiði.

ÚTGAUFÉLAG: 365 – PRENTMIÐLAR RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skafason, Óli Kristján Árnannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elinborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skatthlíð 24, 105 Reykjavík. ADALSIÐI: 512 5000 SÍMBREYF: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – PRENTMIÐLAR PRENTVINNLSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðurinn er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafræna formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

STARFSMANNAMÁL

Langar helgar tekningar fram yfir sumarfrí

Nýleg könnun sem gerð var í Bandaríkjunum leiddi í ljós að almennir starfsmenn eru líklegri en millistjórnendur og herra settir stjórnendur til að nýta sumarfrí í heilu lagi. Stjórnendur vilja heldur framlangja helgar og nýta þær sem frí, að því er fram kemur í rannsókn sem gerð var á vegum *Workplace Vacation Survey, Society for Human Resource Management (SHRM), Career-Journal.com* og *The Wall Street*

Journal. Alls tóku 619 stjórnendur mannaútsdeilda þátt í könnuninni ásamt 473 starfsmönnum.

Um sextíu prósent aðspurðra stjórnenda og 44 prósent starfsmanna voru sammála því að starfsmenn vildu í auknum mæli lengja helgarnar og nýta þær sem frí. Þannig komast þeir hjá því að vera frá vinnu í langan tíma í einu. Þá kom í ljós að þrátt fyrir löng sumarfrí finna starfsmenn fyrir þörf til að vinna eða hafa samband við vinnustaðinn meðan á sumarfrí stendur. Því má segja að hugurinn sé við vinnuna þrátt fyrir að sumarfrí standi yfir.

VIÐSKIPTAFERÐIR NÝTTAR SEM FRÍ
Nærri helmingur aðspurðra

stjórnenda (43 prósent) og 30 prósent starfsmanna voru fylgjandi því að starfsmenn blönduðu saman viðskiptaferðum og persónulegu frí. Þriðjungur starfsmanna sagðist taka vinnu með sér í sumarfrí og nærri helmingur stjórnenda sagðist finna skyldu til að vera í nánu sambandi við vinnustaðinn á meðan á leyfi stæði.

Þrátt fyrir þessi svör kom í ljós að aðeins fjögur prósent aðspurðra sögðu fyrirtækið biðja starfsmenn um að vera í sambandi á meðan á leyfinu stæði. Einnig kom fram að nýir starfsmenn (með eins til tveggja ára starfsreynslu) eru líklegastir til að nýta veikindadaga sína sem

frí, en starfsmenn með meira en sextán ára starfsreynslu nýta veikindadaga síst sem frí.

SKORTUR Á FRÍI VELÐUR KULNUN

Tækniþróun hefur gert mörgum starfsmönnum auðveldara með að vinna á meðan á leyfi stendur og tæknin getur gert þeim kleift að vera í nánum samskiptum við fyrirtækið hvar sem þeir eru staddir. Meira en þrjú af hverjum fjórum yfirmönnum (81 prósent) segja að fyrirtækið auðveldi þeim samskipti við fyrirtækið meðan á leyfi stendur með því að útvega þeim aðgang að tækjum eða tæknibúnaði. Þá er helst um að ræða farsíma, símboða, fartölvur, BlackBerry eða annan búnað.

Susan R. Meisinger, forstjóri SHRM, segir að „vissulega sé ánægjulegt að bandarískir starfsmenn skili mestri framlegð í heiminum. Þrátt fyrir það geti stöðug vinna án frítíma leitt til kulunar og starfsþrots, framleiðni getur minnkað og starfsmanna velta hækkað“. Með því að nýta sér sveigjanlegan vinnutíma og tækni í auknum mæli telur Susan að hægt sé að auðvelda starfsmönnum að fara í langþráð frí.

(Heimild: hrmguide.com)

Sif Sigfúsdóttir, markaðsstjóri viðskipta- og hagfræðideildar HÍ og stundakennari við HÍ.



SPÁKAUPMAÐURINN

Alveg Northern Rocksolid

Það er ekki líklegt að við Íslendingar kynnum okkur á alþjóðavettvangi sem klettinn í Norðurhöfum eftir atganginn sem Northern Rock bankinn fékk á sig um helgina.

Djöfull sem ég fann til með þeim. Þarna voru þeir blásaklausir í því að tryggja hagsmuni innistæðueigenda enn frekar með því að hafa vaðið fyrir neðan sig og tryggja sér frekari aðgang að fjármagni. Taugaveiklunin á markaði gerði það hins vegar að verkum að gert var „run“ á bankann.

Í fyrra voru íslensku bankarnir gagnrýndir hástöfum fyrir að fjármagna sig of lítið með innistæðum, en með svona innistæðueigendum, þá vildi ég frekar vera að elta kengúru og samúræjabréfamarkaðinn til að fjármagna mig.

Það er nú einu sinni þannig að ef viðskiptavinir hópast til að taka út, þá þolir enginn banki slíkt. Þess vegna var atlagi Davíðs um árið, þegar hann tók 400 þúsund kallinn út af bundnu sparissjóðsbókinni sinni í KB, svo hættuleg. Ekki gaman að hafa djúpstæða fjármálakrísu á samviskunni. Hann má reyndar eiga það að í vitleysisumræðunni í fyrra var hann frekar skynsamur og varði íslensku bankana. Ef sú umræða hefði farið af stað nú í núverandi taugaveiklun á heimsmarkaði, þá er við því að búast að við hefðum lent í afar vondum málum og verri en allir hinir. Nú erum við ekki Northern Rocksolid, heldur bara solid og sennilega í betri málum en margir aðrir.

Hættan nú er sem fyrr smit á dýra fasteignamarkaði. Þar eru Bretland og Danmörk hvað viðkvæmust. Danske Bank er ekki í minnstri hættu með að lenda í vandræðum, hefur enda lánað með háu veðhlutfalli í íbúðamarkaði. Hér heima held ég að hættan sé ekki mikil og er því frekar rólegur. Ég neita því ekki að hlutfall fjármuna hjá mér á hliðarlínunni vex eftir því sem á þessa krísu líður. Maður er náttúrulega búinn að taka girunina vel niður.

Svona niðursveifla getur nefnilega opnað alveg gullin tækifæri fyrir þá sem hafa hana af og eiga „cash“ og traust á markaði. Kannski maður kaupir bara Danske Bank áður en yfir lýkur.

Spákaupmaðurinn á horninu

Auglýsingasími

512 50 50

- Mest lesið



Lærdómur af stærsta fjármálahneyksli sögunnar

Málþing haldið á Nordica hóteli fimmtudaginn 20. september kl. 8.00-10.00

Frumkvæði, áráði, snerpa og dugnaður þykja virðingarverðir eiginleikar hjá starfsfólki fjármálfyrirtækja. En eru fjármálamarkaðir þess eðlis að hætta sé á að þessir eiginleikar snúist upp í andhverfu sína og fari að hafa óæskileg áhrif? Að einstaklingum sé ýtt út á ystu nöf þannig að þeir jafnvel knésetji stórfyrirtæki áður en hægt er að taka í taumana?



Árið 1995 tapaði Nick Leeson hjá Barings-banka svo miklu fé í áhættusömum viðskiptum að bankinn varð gjaldþrota. Síðustu ár hefur verið stöðugur uppgangur á fjármálamörkuðum á Íslandi og víða um heim. Við þessar aðstæður er ástæða til að staldra við, líta til baka og spyrja: Hver er staðan nú? Getur saga Nick Leeson og Barings-banka endurtekið sig? Hvað getum við lært af reynslunni?

Eftir að Nick Leeson afplánaði refsingu sína hefur hann náð hljómgrunni og öðlast virðingu með því að segja sögu sína opinskátt og miðla af reynslu sinni. Hann mun halda erindi á málþingi Icebank þar sem hann rekur hvernig hann gerði 233 ára virta fjármálastofnun gjaldþrota á örfáum vikum. Einnig fjallar hann um hvort svipaðir atburðir geti gerst í nútímafjármálaumhverfi og hvernig megi koma í veg fyrir það.

Dagskrá:

8:00 Léttur morgunverður

8:30 Ávarp: Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík

Stjórnendur og knattspyrnudómarar
Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Icebank

Hvað gerist þegar eftirlit bregst? Samanburður á viðskiptum og stjórnárum
Páll Ásgeir Davíðsson, lögfræðingur og sérfræðingur í lagadeild Háskólans í Reykjavík

Hvernig Barings-banki varð gjaldþrota og lærdómurinn fyrir fjármálfyrirtæki nútímans
Nick Leeson, fyrrverandi verðbréfamiðlari hjá Barings-banka

Umræður og fyrirspurnir

10:00 Fundarlok

Fundarstjóri: Agnar Hansson, framkvæmdastjóri fjárstýringar Icebank

Málþingið er haldið á vegum Icebank í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og er enginn aðgangseyrir. Þar sem sætafjöldi er takmarkaður er þess óskað að þátttaka verði tilkynnt á netfangið icebank@icebank.is eða í síma 540 4000 fyrir 19. september. Nánari upplýsingar um málþingið má nálgast á vefsíðu Icebank, www.icebank.is.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

ICEBANK

Ekkert gullæðishugarfar í Geysi

Ólafur Jóhann Ólafsson hugsar Geysi Green sem langtímafjárfestingu og segir Goldman Sachs bestu viðbót við hluthafahópinn sem völ er á. Hann telur athugasemdir við að útlendingar eignist hlut í íslenskum auðlindum jaðra við hræsni, enda markmið félaga á borð við Geysi Green að komast yfir sem mest af auðlindum utan landsteinanna. *Jón Skaftason* spjallaði við Ólaf Jóhann.

Á dögnum var tilkynnt að Ólafur Jóhann Ólafsson, rithöfundur og kaupþýslumaður, og bandaríski fjárfestingarbankinn Goldman Sachs myndu ganga til liðs við hluthafahóp Geysi Green Energy. Saman munu Ólafur Jóhann og Goldman Sachs fara með um 8,5 prósentu eignarhlut í Geysi í tveimur aðskildum eignarhaldsfélögum. Ólafur Jóhann mun ráða yfir um þriggja prósentu eignarhlut.

Ólafur Jóhann segist lengi hafa haft áhuga á orkugeiranum enda hverju mansbarni ljóst hvaða áhrif orkugjafar á borð við olíu og kol hafa á umhverfið. Hann telur Íslendinga hafa mikla sérstöðu á þessu sviði. Hér hafi menn lært að virkja það sem náttúran hefur boðið upp á. „Í Geysi er allt sem til þarf; þekking, reynsla, hugvit og fjármagn. Í hópnum eru félög sem eru í rekstri, auk þeirrar vísindalegu þekkingar sem krafist er. Þegar þetta kemur saman er hægt að fara að hugsa sér til hreyfings.“

Fjárfesting Ólafs Jóhanns í Geysi Green er hugsuð til langs tíma. Hann telur mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því að í þessum geira sé enginn skjótfenginn gróði; fjárfestingin sé hugsuð til ára eða áratuga en ekki vikna eða mánaða. Ólafur Jóhann hefur ekki áhyggjur af því að menn skorti þrek og þolinmæði til að fylgja verkefninu eftir. „Auðvitað er það samt þannig að erfiðara er að græða

peninga en tapa þeim. Í þessum bransa er kannski svolítill hætta á því að menn fari inn með einhverju gullæðishugarfari. Bæði Glitnismenn og FL Group hafa hins vegar lagt mikla vinnu í að kynna sér þetta og vita nákvæmlega að hverju er gengið. Hins vegar getur vel verið að menn hagnist mikið á skömmum tíma, ég hugsa þetta þó til langs tíma.“

GRÍÐARLEGUR STYRKUR Í GOLDMAN

Mikla athygli vakti þegar tilkynnt var að bandaríski fjárfestingabankinn Goldman Sachs myndi bætast í hluthafahóp Geysis Green. Goldman Sachs er einhver virtasti og stærsti fjárfestingarbanki í heimi, stofnaður árið 1869 og með höfuðstöðvar í New York auk starfsemi í fjölmörgum löndum. Markaðsvirði Goldman Sachs er um 5.331 milljarðar íslenskra króna, og er félagið því rúmlega sjö sinnum stærra en Kaupþing, sem er stærsta íslenska félagið sé miðað við markaðsvirði.

Ólafur Jóhann hefur margsinnis starfað með Goldman Sachs að ýmsum verkefnum í Bandaríkjunum og hafði milligöngu um komu bankans inn í fjárfestahóp Geysis Green. „Þegar það kom fyrst til tals að ég kæmi inn í hluthafahópinn ræddum við um hvað vantaði til að við færum inn á leikvöllinn með sem allra best lið. Allir voru sammála um að okkur vantaði



ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON, RITHÖFUNDUR OG KAUPÞÝSLUMAÐUR Frumkvæði að tilkomu Goldman Sachs í hluthafahópi Geysis Green Energy kom frá Ólafi Jóhanni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

erlendan samstarfsaðila. Goldman Sachs er hreinlega sá besti sem völ er á, bæði vegna stöðu hans sem fjárfestingarbanka og innan orkugeirans.“ Goldman Sachs rekur um tveggja milljarða Bandaríkjadala fjárfestingarsjóð sem fjárfestir í vistvænni orku, en hefur hingað til aðallega lagt fé til þróunar á vinnslu vind- og sólarorku.

Ólafur Jóhann telur það hafa mikla þýðingu fyrir Geysi Green að fá jafn sterkan fjárfesti og Goldman Sachs inn í hluthafahópinn. Ekki einungis sé bankinn hinn þekktasti og virtasti í veröldinni, heldur hafi Goldman Sachs mikla reynslu af fjárfestingum í orkugeiranum. „Þeir hafa áhuga á fjárfestingu í jarðvarma og voru að leita sér að samstarfsaðilum. Fyrirtæki á borð við Goldman Sachs stendur allt til boða og því er gríðarlegur fengur að fá það inn. Það mun greiða aðgang Geysis að erlendum mörkuðum, og það er kannski helst það sem þurfti til að styrkja útrás Geysis.“

JADRAR VIÐ HRÆSNI

Geysir horfir einkum út á við; aðaláhersla er lögð á að finna verkefni utan land-

steinanna. Félagið hefur þegar fjárfest í stórum jarðvarmaverkefnum í Bandaríkjunum, Þýskalandi og Asíu, auk þess sem nýlega var gengið frá kaupum á Atorku, sem telst stærsta borfyrtækni sinnar tegundar í heiminum. „Næsta skref er raunar að kortleggja verkefni hér og annars staðar í heiminum, og ráðast síðan til atlögu. Þekkingin og fjármagnið mynda grunninn, og nú erum við komin með þann samstarfsaðila sem við þurfum til að stíga næsta skref,“ segir Ólafur Jóhann.

Geysir Green er sem kunnugt er næststærsti hluthafi í Hitaveitu Suðurnesja með rétt tæplega þriðjungs eignarhlut. Einhverjir hafa orðið til þess að gagnrýna hlutdeild einkafyrirtækis í slíkum rekstri, sem oft hefur verið talinn til grunnhlutverka hins opinbera. Ekki minnkaði sú gagnrýni með fregnum af tilkomu Goldman Sachs inn í hluthafahóp Geysis Green Energy. „Þessi frétt fór nú svolítið vitlaust í loftið heima, og orðrómur var uppi um að útlendingar væru að kaupa þriðjung í Geysi og taka þannig yfir íslenskar auðlindir. Raunveruleikinn er hins vegar allur annar, eins og komið hefur á daginn,“ segir Ólafur Jóhann.

Hann segir viðhorf sem þessi einkennast af nokkurri hræsni. Geysir Green hafi einmitt í hyggju að eignast sem mest af auðlindum í útlöndum, auk þess sem óbeinn eignarhlutur Goldman Sachs í Hitaveitu Suðurnesja sé einungis eitt til tvö prósent hlutafjár. „Það jaðrar við hræsni ef við setjum það fyrir okkur að útlendingar eignist brotabrot í íslenskum auðlindum, þegar við stefnum sjálf að því að eignast sem mest af sams konar auðlindum annars staðar.“

„Þegar það kom fyrst til tals að ég kæmi inn í hluthafahópinn ræddum við um hvað vantaði til að við færum inn á leikvöllinn með sem allra best lið. Allir voru sammála um að okkur vantaði erlendan samstarfsaðila.“

BANDARÍKIN ERU NÆR EN ÞÚ HELDUR




www.dhl.is

Nú brúar DHL bilið til Bandaríkjanna. Með beinum og betri tengingum við þétrið flutningsnet DHL um gjörvöll Bandaríkin getum við afhent sendingar þínar til Bandaríkjanna næsta virka dag. 34.000 starfsmenn DHL í Bandaríkjunum eru til þjónustu reiðubúnir. Kynntu þér þjónustuna á www.dhl.is og prófaðu hana næsta virka dag.

DHL afhendir sendingar þínar til Bandaríkjanna næsta virka dag

DHL



GLÆSILEGASTA GOLFFERÐ ÁRSINS

EGILS PREMIUM OG BYLGJAN OPEN Í LONDON 11. - 15. OKTÓBER

Við lengjum golftímabilið og efnum til mikillar veislu í London dagana 11. -15. október því golfmótið Egils Premium og Bylgjan open verður haldið á Hanbury Manor golfvöllinum 12. október. Í ferðinni gefst einnig einstakt tækifæri á að fylgjast með fremstu golfurum heims keppa um ein stærstu peningaverðlaun sem í boði eru, á HSBC World Match Play sem haldið er á Wentworth völlum dagana 11. -14. október.

Skoðaðu nánari upplýsingar um ferðina á bylgjan.is og skelltu þér með!

Í samstarfi við...



BYLGJAN
989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



Spennandi umhverfi – frábær þjónusta...

þarft þú að þjappa starfsfólkinu saman og efla starfsandann?
Frábær aðstaða fyrir smærri og stærri hópa.
Endalausir möguleikar í náttúruparadís í faðmi fjalla.

Í aðeins 30 km fjarlægð frá Reykjavík er náttúruperlan Hveradalir, en þar á einu virkasta hverasvæði landsins stendur Skíðaskálinn. Hvort sem halda á fund, ráðstefnu eða ársráðið er Skíðaskálinn í Hveradölum tilvalinn staður. Útvegum allan búnað, aðgangur að þróaðri internettingu, frábær þjónusta, ljúffengur matur og endurnærandi umhverfi. Þjóðum ársráðiðarpakka fyrir stóra og smá hópa á frábæru verði. Matur, dansleikur, rútuferðir...

Sérsmíðið að ykkar óskum

Okkar vinsælu
ársráðiðarpakkar
fyrir stóra og smá hópa

Skíðaskálinn í Hveradölum
www.skidaskali.is - Netfang: skidaskali@skidaskali.is
Pantið tímanlega - s. 567 20 20

PENINGAMARKAÐSSJÓÐUR

Sérfræðiaðstoð við fjárfestingar hringdu í síma 444 7000

Ávaxtaðu betur
14,4%*

Peningamarkaðssjóður er tilvalinn fjárfestingarkostur fyrir þá sem vilja binda fé í skamman tíma án mikillar áhættu. Enginn munur er á kaup- og sölugengi og innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

*Nafnávöxtun í íslenskum krónum á ársgrundvelli fyrir tímabilið 31/07/07 - 31/08/07.

Peningamarkaðssjóðir eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögnum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rými fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðsýslingu eða útdrætti úr útboðsýslingu sjóðsins í útbúum Kaupþings eða á www.kaupthing.is.



GERD LEONHARD Leonhard starfrækir dreifingaryrirtækið Sonific, sem dreifir stafrænni tónlist á netinu og hefur um tíu þúsund listamenn á sínum snærum. Hann á auk þess langan tónlistarferil að baki og segist hafa verið í um tuttugu hljómsveitum í Bandaríkjunum.

MARKAÐURINN/HÖRÐUR

Leyfiskerfi fram- tíðin í stafrænni dreifingu tónlistar

Í náinni framtíð mun ótakmarkaður aðgangur að tónlist á netinu fylgja internetáskriftum, gangi spár þýska sérfræðingsins Gerds Leonhard eftir. Jón Skaftason spjallaði við Leonhard, sem verður aðalræðumaður á alþjóðlegri ráðstefnu um framtíð stafrænnar tónlistar 17. október næstkomandi.

Gerd Leonhard heitir þýskur sérfræðingur í stafrænni dreifingu. Hann var staddur hér á landi á dögunum við undirbúning alþjóðlegrar ráðstefnu um stafræna miðla sem haldin verður hér á landi 17. október næstkomandi. Ráðstefnan er á vegum Útflutningsráðs íslenskrar tónlistar og verður í Rúgbrauðsgerðinni.

Leonhard hefur sterkar skoðanir á dreifingu stafræns efnis á netinu hvernig henni verður hátt að í framtíðinni og hefur gefið út bækur um það efni. Sú þekktasta er líklega „The Future of Music“, en eins og titillinn gefur til kynna útlistar Leonhard þar nýstárlegar kenningar sínar um framtíð stafrænnar tónlistar.

„Ef þú vilt ná árangri sem tónlistarmaður, er mikilvægt að ná til fjöldans. Nú nægir ekki lengur að bjóða einfaldlega tónlist til sölu, heldur verður að reyna að ná til sem allra flestra og þar gegnir internetið lykilhlutverki,“ segir Leonhard.

Hann telur gömlu útgáfurisana á borð við EMI og Sony vera á rangri leið með því að krefjast þess að notendur greiði fyrir niðurhal af netinu. Framtíðarfyrirkomulagið verði þannig að ótakmarkað niðurhal tónlistar fylgi net- eða símaáskriftum, sem þá verði eilítið dýrari fyrir vikið. Internetfyrirtækin myndu þá greiða útgáfufyrirtækjunum fyrir afnot af tónlistinni og veita notendum sínum síðan ótakmarkaðan aðgang. „Notendur, hvort sem þeir hala niður gríðarlegu magni af tónlist eða alls engri, greiða þá fyrir tónlistina með internetáskriftinni. Ég myndi telja að ein evra á viku væri sanngjarnt verð fyrir slíkt ótakmarkað niðurhal.“

Leonhard segir útgáfufyrirtækin hafa neitað að horfast í augu við raunveruleikann. Sala tónlistar í hefðbundnu formi hafi stórlega dregist saman undanfarin ár og nú sé svo komið að langflestir náglist tónlist gegn-

um internetið. Hann bendir á rannsóknir sem leitt hafi í ljós að um tvö prósent notenda greiði fyrir þá tónlist sem halað er niður af netinu. „Útgáfufyrirtækin eru á grafarbakkannum vegna þess að þau hafa ekki fylgt þessari þróun eftir. Hins vegar ber að hafa í huga að útgáfufyrirtækin voru einnig á móti útvarpinu á sínum tíma, síðan fundu þau leið til að nýta útvarpið í sína þágu. Sams konar bylting þarf að verða þegar kemur að tónlist á internetinu. Það þarf að stofna leyfiskerfi.“

Leonhard telur að stóðir útgáfufyrirtækja muni ekki bresta þótt þessi hátturinn verði hafður á. Hann bendir á að fyrir utan þær tekjur sem fyrirtækin myndu hafa af leyfiskerfinu mætti nýta sér auglýsingar á internetinu til tekjuöflunar. „Auglýsingabransinn á netinu velti um hundrað milljörðum Bandaríkjadala á síðasta ári. Tónlistarmarkaðurinn, bæði á internetinu og plötusalan, veltir hins vegar um þrjátíu milljörðum árlega. Við sjáum í hendi okkar að möguleikarnir eru gríðarlegir.“

Ákjósanlegt væri fyrir Ísland að taka upp þennan háttinn að sögn Leonhards, enda er markaðurinn hér lítil og stóru alþjóðlegu útgáfufyrirtækin starfa ekki hér. „Mig minnir að árlega seljist geisladiskar fyrir um tíu milljónir Bandaríkjadala á Íslandi. Með því að rukka fyrir tónlistina gegnum internetáskriftina eða símaáskriftina mætti auðveldlega ná þeirri fjárhæð. Íslenski markaðurinn er lítil, gagnsær og ætti því að vera ákjósanlegur fyrir tilraun eins og þessa.“

Leonhard telur að einungis sé tímaspursmál áður en greitt verður fyrir tónlist á netinu gegnum netáskriftina. „Ég gef þessu tólf til tuttugu og fjóra mánuði. Nú þegar eru tilraunir á þessu hafnar í Kína og þá hefur Evrópusambandið sýnt þessum hugmyndum mikinn áhuga. Þá er bara tímabært að tónlistarbransinn vakni og geri sér grein fyrir hvert stefnir.“

Gerum það rétt,
og gott betur



Gutenberg er leiðandi prentfyrirtæki á Íslandi. Við höfum yfir 100 ára reynslu í prentiðnaði og allan þann tíma höfum við lagt áherslu á að vera fremst á okkar sviði. Hver viðskiptavinur fær þá þjónustu sem hann þarfnast hjá Gutenberg. Þarfir hvers og eins eru mismunandi en þú getur verið viss um að fá úrlausn þinna mála hjá okkur.

Sköpun þín verður áþreifanleg hjá Gutenberg

Gutenberg Sími 545 4400
Suðurlandsbraut 24 Fax 545 4401
108 Reykjavík www.gutenberg.is


Gutenberg

BANKA HÓLFID



Horse & Hound

Enn af Landsbankanum. Reglulega berast af því fregnir hversu vel bankanum gengur að safna fé á Bretlandsmarkaði í gegnum Icesave-innlánsreikninginn. Landsbankinn hefur unnið ótullega að þessu og auglýst á hinum ýmsu stöðum. Tímaritið Horse & Hound er þar á meðal. Allar ástríkar konur – og mun fleiri karlar en myndu vilja viðurkenna – þekkja þann titil vel. Frá því tímariti þóttist William Thacker (leikinn af Hugh Grant) einmitt vera þegar hann laumaði sér inn á blaðamannafund leikkonunnar Önnu Scott (leikin af Juliu Roberts) í hinni ódauðlegu ástar- og gamanmynd Notting Hill. Flestir hefðu að öllum líkindum talið þann titil uppspuna einn. Því fer þó fjarri því tímaritið hefur skipað mikilvægan sess á meðal breskra hestaunnenda allt frá árinu 1884.

Hljóð eins og í íslenskri mynd

Létt var yfir kynningu Landsbankans á efnahagshorfum næstu ára á Nordica hóteli í gærmorgun. Sigurjón Þ. Arnason bankastjóri lét vandræðagang með hljóðkerfið ekki trufla sig þegar hann átti að flytja opunarerindi. Skipt var á áhengdum hljóðnema og honum fenginn einn gamaldags sem haldið er á. Örlítið bar þó á hnökrum þegar næstu fyrirlesarar hófu sitt mál. Björn Rúnar Guðmundsson, forstöðumaður greiningardeildar bankans, gerði að þessu grín og sagði: „Mér líður eins og í gamalli íslenskri bíómynd, hljóðið aldrei í lagi!“ Yfirleitt var hljóðið þó í fínu lagi, ólíkt því sem fólk þekkir úr sumum íslenskum kvikmyndum.

Spariféð í Landsbankann

Undanfarna daga hafa myndast langar raðir úti fyrir útibúum breska bankans Northern Rock. Hugsjúkir viðskiptavinir hafa hraðað sér á svæðið í tilraun til að bjarga sparifé sínu í kjölfar fregna af lausafjárkreppu bankans. Breska dagblaðið The Daily Telegraph fór á stúfana og ræddi við þessa áhyggjufullu viðskiptavini bankans. Einn þeirra, herra Duncan, hafði talið sparifé sitt tryggt í bankanum frá því hann var tveggja ára. Nú sá hann sér þann kost vænstan að taka það út sem fyrst og koma í öruggt skjól. „Ætli ég leggi ekki peningana inn á reikning hjá Landsbanka Íslands,“ sagði Duncan gamli. „Þar eru hagstæðir vextir í boði.“

4,2%

prósenta hagvöxtur í fyrra samkvæmt nýjum tölum Hagstofunnar. Fyrri áætlun gerði ráð fyrir 2,6 prósentu hagvexti.

1

milljón farþegar sem fljúga með Primera Travel Group, móðurfélagi Heimsferða, eftir kaupin á stærstu ferðaskrifstofu Írlands, Budget Travel.

83,7%

hlutur FL Group í Tryggingamiðstöðinni eftir kaup á 46,2 prósentu eignarhlut Glitnis, Hnótskumar og Samherja.

ÖRT VAXANDI — ÞEKKINGARSAMFÉLAG

Óskum eftir aðilum sem vilja taka þátt

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar í samstarfi við ýmsa aðila vinnur að þróun og umbreytingu fyrrum varnarsvæðisins í þekkingar- og háskólasamfélag.

Mikil starfsemi er þegar hafin og hefur Þróunarfélagið samhliða óskað eftir hugmyndum um nýtingu þeirra eigna sem eftir eru á svæðinu ásamt tilboðum í þær.


Upplýsingar um eignir á svæðinu má finna á

www.kadeco.is



KADECO
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar

Bahamas eða Viðey?



Það skiptir máli að spara á réttum stað

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur gefið langhæstu ávöxtun allra peningamarkaðssjóða á Íslandi síðustu 12 mánuði eða **15,4%***

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnvöxtun miðast við 31. ágúst 2006 til 31. ágúst 2007, skv. sjodir.is. Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útbóðsýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is.



75 ára

spron
VERÐBRÉF